

# SJÚKRALÍÐINN

4. TÖLUBLAÐ 29. ÁRGANGUR DESEMBER 2015



Verkfall  
til sigurs

– sjá bls. 4-10 og 18-27



**Framkvæmdastjórn**

**Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ):**

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður.  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður.  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri.  
Jóhanna Traustadóttir, ritari.

**Skrifstofa félagsins:**

Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands er að Grensásvegi 16, 108 Reykjavík. Sími 553 9493 eða 553 9494. Símaþrá, fax 553 9492.

Heimasíða félagsins er [www.slfi.is](http://www.slfi.is)

Skrifstofan er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 09:00 til 17:00 en ekki verður svarað í síma á milli 12:30 og 13:00.

Starfsfólk félagsins annast alla almenna skrifstofuþjónustu, upplýsingamiðlun tulkun kjarasamninga og erindrekstur fyrir félagið og félagsmenn.

Skrifstofan sér um sjóði félagsins svo sem félagssjóð, orlofsjóð, Minningar- og styrktarsjóð, Vinnudeilu- og verkfalls-sjóð auk þess sem hún afgreiðir erindi Starfsmenntasjóðs BSRB og Styrktarsjóðs BSRB. Ennfremur sér skrifstofan um úthlutun á orlofsbíðum og orlofshúsum félagsins í umboði Orlofsnefndar.

**Starfsfólk á skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands**

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður, netfang: [kristin@slfi.is](mailto:kristin@slfi.is)

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri, netfang: [gunnaro@slfi.is](mailto:gunnaro@slfi.is)

Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri, netfang: [birna@slfi.is](mailto:birna@slfi.is)

Lilja Laxdal, skrifstofumaður, netfang: [lilja@slfi.is](mailto:lilja@slfi.is)

Sigríður Ríkharðsdóttir, skrifstofumaður netfang: [sigga@slfi.is](mailto:sigga@slfi.is)

Sigurlaug Hrafnkellsdóttir, starfsmaður á kjarasviði netfang: [sigurlaug@slfi.is](mailto:sigurlaug@slfi.is)

**Sjúkraliðinn:**

Sjúkraliðinn er gefinn út af Sjúkraliðafélagi Íslands í 3.300 eintökum.

**Ábyrgðarmaður:**

Kristín Á. Guðmundsdóttir

**Ritnefnd:**

Bára Hjaltadóttir. Netfang: [fells1@mi.is](mailto:fells1@mi.is)  
María Busk. Netfang: [mbusk@rang.is](mailto:mbusk@rang.is)  
Þórhildur Una Stefánsdóttir. Netfang: [thoruna@gmail.com](mailto:thoruna@gmail.com)  
Varamaður: Kolbrún Matthíasdóttir.  
Netfang: [kolbrunnmatt@internet.is](mailto:kolbrunnmatt@internet.is)

**Umsjón:**

Gunnar Örn Gunnarsson

**Prentvinnsla og umbrot:**

Stafræna prentsmiðjan ehf., Hafnarfirði



Nýja námið fer fram í Fjölbrautaskólanum við Ármúla og á Landspítalanum.

## Nýtt framhaldsnám sjúkraliða Sérhæfð störf í heilbrigðisþjónustu

Nýtt framhaldsnám sjúkraliða í sérhæfðum störfum í heilbrigðisþjónustu er að hefja göngu sína. Námið er samstarfsverkefni Fjölbrautaskólans í Ármúla og Landspítala háskólasjúkrahúss og fer kennsla fram á báðum stöðum.

Nýja námið er á 4. hæfniprepi og samkvæmt nýrri námskrá sem verður tilraunakennd eins og venja er um allar nýjar námskrár. Námið hefst 12. janúar 2016 og því lýkur í desember 2018.

Námið er ætlað sjúkraliðum sem vinna sérhæfð störf á skurðstofum, speglunardeildum og víðar. Námið dreifist á fjórar annir og er skipulagt sem nám með vinnu að hluta til.

### Tvær lotur

Nýja námið verður lotuskipt. Fyrri lotan verður frá 12. janúar til 12. febrúar (5 vikur), kennslan fer fram í Fjölbrautaskólanum við Ármúla og kennt verður á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl 15-19. Áfangar sem

kenndir eru í fyrstu lotu eru Fagmennska (FAME4FH04) og Upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu (UPPT3US03).

Seinni lotan er 5 vikur frá 15. febrúar til 18. mars og fer fram á Landspítala. Þá verður áfanginn Áhald- og efnisfræði (ÁHAL4ÁE10) kenndur. Áfanginn er bæði bóklegur og verklegur um það bil 29 klukkustundir á viku.

### Inntökuskilyrði

Umsækjendur skulu hafa lokið sjúkraliðanámi og hafa starfsleyfi sjúkraliða á Íslandi. Þeir skulu hafa unnið sem sjúkraliðar með starfsréttindi í 3 ár. Umsækjendur skulu hafa góða enskukunnáttu, að lágmarki 10 feiningar á 2. þrepi. Þeir skulu hafa góða þekkingu, leikni og hæfni í upplýsingatækni, þar með talið í helstu ritvinnsluforritum. Umsækjendur með reynslu af sérhæfðum störfum á skurðstofum og speglunardeildum ganga fyrir í námið.

## Sjúkraliðar þakka

Sjúkraliðafélag Íslands hefur þakkað lögregluglögum Vestfjarða, Austfjarða og Eyjafjarðar innilega fyrir veittan stuðning í kjarabaráttu síðustu mánaða.

Í bréfi sem formaður SLFÍ sendi þessum þremur lögregluglögum segir:

„Sjúkraliðar eru afar þakklátir fyrir stuðning ykkar við baráttuna fyrir bættum kjörum, sem fólst í fjárhagslegum stuðningi og ekki síður í jákvæðum hvatningarorðum.

Takk innilega fyrir veittan stuðning og sameiginlega baráttu.“

### Kjölar rausnarlegur

Kjölar stéttarfélag styrkti sjúkraliða í verkfalli með rausnarlegu framlagi - 2.000.000 króna - í verkfallssjóðs Sjúkraliðafélagsins.

Sjúkraliðafélagið þakkar kærlega fyrir þennan veitta stuðning.

**Á DAGSKRÁ** 2

- Nýtt framhaldsnám í janúar
- Sjúkraliðar þakka

**FORMANNSPISTILL** 3

- Einhugur og djörfung sjúkraliða

**KJARAMÁL** 4-10

- Nýr kjarasamningur við ríkið
- Mikið fylgi við samninginn
- Samið um nýtt samningslíkan
- Hækkun lífeyristökualdursins?
- Lífeyristökualdur víða 65 ár
- Ráðherrar og þingmenn með 480 milljónir

**BSRB** 11

- Vinnuskylda lækki við 60 ára aldur

**STARFSUMHVERFIÐ** 12-13

- Áhrif hækkandi aldurs á mönnum
- Fjölgun sjúkraliða skilar sér ekki á LSH

**SUMARFERÐIR SJÚKRALIÐA** 14

- Gönguferðir á Spáni

**LANDSPÍTALINN** 15-17

- Dreift húsnæði er ógn við öryggi
- Biðlistarnir kostar 1,2 milljarða

**BARÁTTAN 2015** 18-27

- Nauðbeygð til að fara í verkfall
- Ráðamenn átti sig á mikilvægi stéttarinnar
- Tekið undir með sjúkraliðum á Alþingi
- Mamma manneskjumenni

**RITGERÐIR SJÚKRALIÐA** 28-30

- Að hlusta og skilja

**SJÚKRALIÐADEILDIRNAR** 31-35

- Ferð deildanna í Kerlingafjöll
- Ársskýrsla Vesturlandsdeildar
- Fundað um stöðu sjúkraliða
- Félagsdómur féll sjúkraliðum í vil
- Stjórnin einróma endurkjörin

**AUGLÝSINGAR** 36

- Útleiga orlofshúsa og íbúða

**FORSÍÐUMYNDIN**

Sjúkraliðar í verkfalli fjölmenntu við Alþingishúsið.

# Einhugur og djörfung sjúkraliða



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, skrifar

Nú þegar lokið hefur verið við kjarasamninga fyrir sjúkraliða sem starfa hjá ríkinu hefst nýr kafli í störfum kjarasviðs Sjúkraliðafélags Íslands.

Á þessum tímamótum er rétt að það komi fram hvílikur fjársjóður samtakamátturinn er og að þakka fyrir þann einhug og djörfung sem stéttin sýndi í verki í þeim átökum sem til þurftu. Það er ekki sjálfgefið að hafa þor til þess að berjast fyrir sanngjörnum launahækkunum og taka á sig launaskerðingar í verkfalli, vera í átökum við vinnuveitanda sinn og líða illa vegna afdrifa skjólstæðinga sinna.

Kjarasamningagerð í skugga verkfallsaðgerða eru átök sem í raun enginn óskar sér, en ávinningurinn til lengri tíma lítið er hækkun launa, viðurkenning á störfum sínum og það sem mest er um vert, samstilltari fagstétt sem skynjar aflið og mikilvægi starfa sinna.

Ólokið er samningum við Reykjavíkurborg, sveitarfélögin, Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu og ýmsar sjálfseignastofnanir. Nokkrir fundir hafa verið haldnir með sjálfseignastofnunum. Ótrúlegur tími fer í að klára kjarasamninga og undirrita þá, þrátt fyrir að viðsejendur séu sammála um að horfa til þess samnings sem þegar hefur verið undirritaður. En hálfnað verk þá hafið er og þess vænst að flestir kjarasamningar verði komnir í hús fyrir áramót.

Skýjabakkar hrannast upp nú þegar fjárlög ríkisins birtast og valda þau ugg í hugum allra sem gera sér grein fyrir hve brýnt er að auka fjárveitingu til heilbrigðisþjónustunnar sem í áráðir hefur verið fjársvelt.

Í fjárlögum fyrir næsta ár er talið nægjanlegt að kasta til heilbrigðiskerfisins nokkrum viðbótarkrónum og aukum, í raun svo léttvægum að ekki er séð fram á að hægt verði að reka sjúkrahúsin þó ekki væri nema í samræmi við rekstur síðasta árs, hvað þá að styrkja reksturinn þó þörfin sé brýn.

Á sama tíma þykir eðlilegt að heildarframlög til kirkjumála verði 5.848,4 milljónir króna og eru hækkuð um 5%.

Er nú ekki eitthvað orðið bogið við áherslurnar hjá þessari ríkisstjórn? Einnig má spyrja sig, hvar er hið kristilega réttlæti þegar kirkjunnar menn hafa samvisku til að taka við þessu fjármagni á sama tíma og vitað er að sjúkir, aldraðir og öryrkjar leypja dauðann úr skel.

Þessar áherslur minna óþægilega á forn viðhorf kirkjunnar manna þegar kirkjan gat sölsað undir sig hvern landskikann á fætur öðrum af sárafátækum bændum.

Nú þegar skammdegið er hvað svartast er hugur margra þyngri en þegar dagarnir eru fullir af sól og yl. Þá er mikils um vert að við styðjum hvert annað með kærleika í huga og verki. Oft þarf lítið til að létta lund og bægja frá kviða og eru sjúkraliðar ótrúlega næmir á það hvenær virk hlustun og góðar ábendingar koma að gagni.

Sjúkraliðafélag Íslands óskar sjúkraliðum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla með ósk um gæfuríkt nýtt ár og þakkar öllum fyrir samstarfið á líðandi ári.

*Fjárlög ríkisins valda ugg í hugum allra sem gera sér grein fyrir hve brýnt er að auka fjárveitingu til heilbrigðisþjónustunnar*

# Hvað felst í nýja kjarasamningnum?

Nýi kjarasamningurinn við ríkið sem samningamenn Sjúkraliðafélags Íslands undirrituðu 28. október síðastliðinn, felur í sér 29,3% hækkunir á samningstímanum sem er til 31. mars árið 2019. Þessar hækkunir eru í samræmi við þær kjarabætur sem hjúkrunarfræðingar fengu í kjölfar gerðardóms.

Hér er gerð nánari grein fyrir öllum helstu atriðum nýja kjarasamningsins bæði hvað varðar beinar hækkunir og aðgerðir til að bæta kjör stéttarinnar á öðrum sviðum.

## Launahækkunir í prósentum

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækka sem hér segir:

- 1. október 2015: Laun hækka að meðaltali um 9,2%.
- 1. júní 2016: Laun hækka að meðaltali um 6,5%.
- 1. júní. 2017: Laun hækka að meðaltali um 4,5%.
- 1. júní 2018: Laun hækka að meðaltali um 3,0%.
- 1. febrúar 2019: Sérstök eingreiðsla, 55.000 krónur greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf og sem er við störf í desember 2018 og er enn í starfi í janúar 2019. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í desember.

## Eingreiðsla 257.000 krónur

Í Bókun 1 með kjarasamningnum er sérstaklega fjallað um eingreiðslu til sjúkraliða í starfi hjá ríkinu. Bókunin hljóðar svo:

„Aðilar gerðu með sér samkomulag í sumar um frestun viðræðna og gáfu sér sameiginlega tíma til loka september til að ljúka samningsgerð. Við úrskurð gerðardóms í framhaldi af lagasetningu í kjaradeilu BHM annars vegar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga hins vegar skapaðist veruleg óvissa um stöðu kjaraviðræðna almennt. Vegna þessarar alvarlegu stöðu voru teknar upp viðræður milli samningsaðila á vinnumarkaði um leiðir til að ná samræmdri lausn á þessari stöðu. Sú niðurstaða náðist hjá stærstum hluta



Skrifað undir nýjan kjarasamning við ríkið; Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins, Árni Stefán Jónsson formaður SFR og Snorri Magnússon formaður Landssambands lögreglumanna undirrita samninginn ásamt Gunnari Björnssyni formanni Samninganefndar ríkisins. Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ, til hægri.

vinnumarkaðarins og er þessi samningur gerður undir þeim formerkjum. Aðilar hafa orðið ásáttir um að vegna þessa óvissutímabils verði greidd sérstök eingreiðsla.

Eftir samþykkt kjarasamnings þessa greiðist hverjum starfsmanni, sem er við störf í október 2015 og er enn í starfi í nóvember 2015, eingreiðsla 257.000 kr. (að meðtöldu orlofi). Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í nóvember.“

## Uppbætur

Persónuuppbot (desemberuppbot) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015 78.000 kr.

Á árinu 2016 82.000 kr.

Á árinu 2017 86.000 kr.

Á árinu 2018 89.000 kr.

Orlofsuppbot á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2016 44.500 kr.

Á árinu 2017 46.500 kr.

Á árinu 2018 48.000 kr.

## Gjald í Orlofssjóð

Samkomulag varð um að ríkissjóður

Nýi kjarasamningurinn felur í sér 29,3% hækkunir á samningstímanum

skuli greiða 0,50% af heildarlaunum félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands í þjónustu ríkisins í Orlofssjóð félagsins. Gjaldið skal greiða mánaðarlega eftir á samkvæmt útreikningi launagreiðanda. Þetta er hækkun um 0,2% af heildarlaunum.

Þá fylgir samningnum sérstök bókun sem varðar orlofssjóðinn, svohljóðandi:

„Sérstakur sjóður samkvæmt bókun 2 frá 2005 sbr. og bókun 2 frá 2014 leggst af en greiðist eftir það í starfsmenntunarsjóði félagsins. Í tengslum við niðurlagningu hans fái orlofssjóður SLFÍ sérstaka styrkingu á samningstímabilinu sem nemi 10 milljónum á ári frá 2016 til 2018. Með þessum samningi telst hann uppgerður.“

## Endurskoðun vinnutíma

Í bókun 5 með kjarasamningnum er lofað endurskoðun á vinnutíma. Þar segir:

„Aðilar eru sammála um að leita samstarfs um endurskoðun á helstu atriðum 2. kafla kjarasamninga um vinnutíma. Meginmarkmið endurskoðunarinnar er að stuðla að bættu skipulagi vinnutíma og auka sveigjanleika á vinnustöðum ríkisins sem þjóni bæði hagsmunum ríkisins sem atvinnurekanda og starfsfólki þess.

Endurskoðun leiði ekki til kjararyrnunar að öðru jöfnu.

Þegar tillögur liggja fyrir verður tekin

## Sjúkraliðar

1.10 2015	9,2%
1.06 2016	6,5%
1.06 2017	4,5%
1.06 2018	3,0%

Samtals **23,2%**

25,2%

1.10 2015	1,41%
1.06 2016	1,02%
1.06 2017	0,80%

Samtals **3,23%**

## Hækkanir á launatöflum

## Pottar í stofnanasamninga

## Uppsafnað

**29,3%**



Sjúkraliðar í verkfalli bíða eftir ráðherrum við Stjórnarráðið.

Þessi tafla sýnir kjarabætur sjúkraliða samkvæmt nýju samningunum.

ákvörðun um hvort breytingar á kaflanum séu þess eðlis að greiða skuli atkvæði um þær.“

## Efling stofnanasamninga

*Bókun 2 með samningnum fjallar um stofnanasamningakerfið. Þar segir meðal annars eftirfarandi:*

„Leitast verður við að gera stofnanasamningakerfið skilvirkara til að tryggja sameiginlega hagsmuni.

Aðilar eru sammála um að efla þurfi og viðhalda þekkingu þeirra forsendna og markmiða sem liggja að baki því fyrirkomulagi launaákvæðana sem kjarasamningar aðila byggja á og tengjast aðferðarfræði heildstæðrar mannauðsstjórnunar, þar sem fyrirkomulag launaákvæðana er einn þáttur í röð samfelldra aðgerða er varða mat á starfi og hvernig það þróast með skipulegum hætti.

Til að tryggja það hafa aðilar orðið ásáttir um að fela starfshópi skipuðum fulltrúum samningsaðila að undirbúa og skipuleggja annars vegar framtíðartilhögun slíkrar fræðslu og hins vegar sérstakt fræðsluáttak um stofnanasamninga fyrir stofnanir og stéttarfélög í tengslum við breyttar forsendur í þessum samningi.

Starfshópurinn undirbúi og skipuleggi fræðsluáttakið, í samstarfi við aðra þ.á.m. Starfsmennt. Markmiðið er að fræðsluáttakinu verði lokið fyrir 31. október 2016 og fyrir liggi áætlun um með hvaða hætti þessu starfi verði framhaldið.“

*Bókun 3 fjallar einnig um stofnanasamningakerfið:*

„Aðilar eru sammála um að skipa stýrihóp með fulltrúum ríkis, aðildarfélaganna BSRB og fulltrúa frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, í því augnamiði að setja á laggirnar ráðgjafamiðstöð/stuðningsteymi um stofnanasamningsgerð í samstarfi við hlutaðeigandi starfsmenntunarsjóði og/eða fræðslusetur. Ráða skal sérfræðing/-a á sviði stofnanasamningsgerðar til að halda utan um verkefnið. Stuðningsteymið annist fræðslu og ráðgjöf til samstarfsnefnda á stofnunum og eftir atvikum komi að stofnanasamningsgerðinni sjálfri sem utan- aðkomandi óháður ráðgjafi. Markmiðið er að auka gæði stofnanasamningsgerðar, efla þátt stofnanasamninga og virkni í starfi stofnana og bæta þekkingu samstarfsnefndanna með það að leiðarljósi að auka gæði opinberrar þjónustu. Fjármögnun þessa verkefnis verði á hendi þróunar- og símenntunarsjóða. Hlutur SLFÍ í kostnaði vegna þessa verkefnis verður kostaður af svokölluðum safnliðssjóði skv. bókun 2 frá 2005. Stýrihópnum er heimilt að leita eftir samstarfi við fleiri stéttarfélög.“

Í bókun 4 er samkomulag um fjármögnun

*Sérstök eingreiðsla kemur eftir samþykkt samningsins*

þeirra útgjalda sem framkvæmd fyrrgreindra bókana mun hafa í för með sér:

„Aðilar vinna á grundvelli ofangreindra forsendna í bókunum 1 og 2 að breytingum á formgerð, uppbyggingu og innihaldi stofnanasamninga. Til þessa verkefnis verður heimilt að ráðstafa á ársgrundvelli allt að 75 milljónum kr. árið 2016, 55 milljónum kr. árið 2017 og 43 milljónum kr. árið 2018. Þá er átt við kostnaðarauka stofnana að meðtöldum launatengdum gjöldum. Gildistaka breytinga samkvæmt þessari bókun er 1. júní umrædd ár.“

## Endurskoðun veikindaréttar

*Í bókun 6 með kjarasamningnum er fjallað um endurskoðun veikindaréttar:*

„Samningsaðilar eru sammála um að leita eftir samstarfi við þá aðila sem undirrituðu þann 24. október 2000, samkomulag um tiltekin réttindi starfsmanna, þar á meðal vegna veikinda og slysa. Komið skal á fót nefnd sem falið verði að endurskoða í heild kafla 12 í kjarasamningnum aðila þar sem horft verður m.a. til eftirfarandi atriða: Endurskoðun á framkvæmd talningar veikindadaga.

Að brugðist sé við veikindum á vinnustöðum með samræmdum og fyrir-sjáanlegum hætti.

Að tryggja að starfsmaður geti komið til starfa/aðlögunar á vinnustað eftir langtíma veikindi.



Sjúkraliðar fjölmenntu við Stjórnarráðið til að leggja áherslu á að stéttin fengi sömu kjarabætur og aðrir ríkisstarfsmenn.

Að tryggja rétt starfsmanns sem er í ráðningarsambandi og í starfsendurhæfingu hjá Virk til að snúa aftur til starfa. Skoða samband iðgjalds í fjölskyldu- og styrktarsjóð og lengdar veikindaréttar. Stefnt skal að því að tillögur liggi fyrir eigi síðar en 31. desember 2016.“

## Nýr starfsmenntunarsjóður SLFÍ

Í bókun 7 með kjarasamningnum er samið um að „nýr“ starfsmenntunarsjóður sjúkraliða verði í umsjón félagsins:

„Aðilar hafa sammælt um að framvegis verði framlag ríkisins vegna félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands til Starfsmenntunarsjóðs BSRB greitt í nýjan starfsmenntunarsjóð SLFÍ. Skilyrði þess að greiðslur taki að berast til sjóðsins er ný skipulagsskrá, samþykkt af fjármála- og efnahagsráðuneyti, og skipun stjórnar. Framlag til sjóðsins er áfram 0,22% af heildarlaunum félaga í SLFÍ.“

## Starfsþróun og símenntun

Í bókun 8 er fjallað um áttak til að efla starfsþróun og símenntun:

„Aðilar eru sammála um að endurskoða þurfi fyrirkomulag framlaga til stuðnings við starfsþróun og símenntun félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands. Til að vinna að því verkefni verður settur á fót starfshópur sem skilgreini m.a. hlutverk, áherslur og markmið sjóða á sviði starfsþróunar og símenntunar, skipulag þeirra og stjórnun. Hópurinn starfi á grundvelli fylgiskjals með kjarasamningi aðila dags. 27. júní 2011 og verði skipaður með þeim hætti sem þar er tilgreint.

Markmið starfshópsins er að skapa sameiginlegan vettvang til að vinna að þessum málum á sem hagkvæmasta hátt. Stefnt skal að því að í kjölfarið verði framlög ríkisins til fræðslumála SLFÍ sambærileg við það sem gerist hjá öðrum félögum innan BSRB svo sem SFR. Miðað er við að

hópurinn hafi lokið störfum og breytingar komi til framkvæmda 1. júní 2016.

Þegar fyrir liggur hvernig þessu verður fyrirkomið mun ríkið greiða sérstakt stofnframlag að fjárhæð 7 milljónir króna.“

## Háskólamenntun og stéttarfélagsaðild

Bókun 9 með kjarasamningnum fjallar um stéttarfélagsaðild:

„Aðilar eru sammála um að starfsmönnum með viðeigandi háskólamenntun verði ekki gert að skipta um stéttarfélag við það eitt að ábyrgðarsviði og kröfum í starfi þeirra sé breytt þannig að gerð verði krafa um háskóla-

*Leiði úttektin í ljós  
að ástæða sé til breytinga  
skal grípa til viðeigandi  
ráðstafana*

menntun í þeim störfum sem um ræðir. Óski starfsmaðurinn eftir óbreyttri stéttarfélagsaðild skal samstarfsnefnd stofnunar taka ákvörðun um röðun og röðunarforsendur starfs þannig að laun og starfskjör verði sambærileg fyrir sömu og sambærileg störf á stofnun án tillits til stéttarfélagsaðildar. Í þessu sambandi verði sérstaklega litið til þeirra

breytinga sem koma til framkvæmda 1. júní 2016 á 11. kafla kjarasamninga háskólafélaga.“

## Úttekt á vinnuálagi og vöktum

Í bókun 10 með kjarasamningnum er fjallað um sérstaka úttekt á miklu vinnuálagi, skertu starfshlutfalli og óhóflegri notkun styttri vakta:

„Í nýlegu svari við fyrirspurn (þingskjal 281/2015) frá Alþingi um horfur í mönnum heilbrigðisþjónustunnar kemur fram að innan velferðarráðuneytisins liggur fyrir greining á mönnum einstakra stétta innan heilbrigðisstofnana, þ.á.m. sjúkraliða. Aðilar telja eðlilegt að nýta þá vinnu til skoðunar á þeim umkvörtunarefnum sem fram hafa komið í samningaviðræðum svo sem miklu vinnuálagi, skertu starfshlutfalli, erfiðleikum við nýliðun í stéttinni og sérstaklega óhóflegri notkun styttri vakta á stofnunum ríkisins.

Í þessu skyni verði gerð úttekt á framangreindum atriðum með áherslu á framkvæmd greinar 2.6.4, um lengd vakta í kjarasamningi aðila. Skipaður verði stýrihópur verkefnisins sem verði samsettur af fulltrúum samningsaðila, velferðarráðuneytisins og heilbrigðisstofnana. Ráðinn verði óháður starfsmaður með viðeigandi þekkingu sem aðilar verða ásáttir um. Úttektinni skal lokið fyrir 1. apríl 2016.

Leiði úttektin í ljós að ástæða sé til



Sjúkraliðar í Kjaramálanefnd fagna eftir undirritun nýrra samninga, frá vinstri: Ingibjörg Hafsteinsdóttir, Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, Hulda Birna Frímansdóttir, Ingibjörg Friðriksdóttir, Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri, Margrét Auður Óskarsdóttir, Kristín Ólafsdóttir og Heiðbrá Guðmundsdóttir.

breytinga hjá einstökum stofnunum verði velferðarráðuneytinu, eða eftir atvikum stofnunum, falið að grípa til viðeigandi ráðstafana. Skal hópurnir upplýstur um framgang þeirra á næstu mánuðum á eftir.

Til að auðvelda stofnunum að verða við kröfum um breytingar á vöktum sem kunna að verða gerðar til þeirra skal stýrihópurinn hafa til umráða fjárhæð sem nemur allt að 3 milljónir á ári árin 2016 og 2017 til að styðja við stofnanir af þessum sökum. Stýrihópurinn ákveður hvaða skilyrði stofnanir þurfa að uppfylla til að fá slíkan stuðning.“

## Gildistíminn


Gildandi kjarasamningar aðila fram- lengjast frá 1. október 2015 til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulaginu felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

## Atkvæðagreiðslan Yfirgnæfandi stuðningur við samning

Úrslit atkvæðagreiðslu sjúkraliða um nýjan kjarasamning Sjúkraliðafélags Íslands við fjármálaráðuneytið voru mjög afgerandi og sýndu mikill stuðning við samninginn.

Já sögðu 641 sjúkraliði eða 96,25% þeirra sem greiddu atkvæði. Nei sögðu 22 sjúkraliðar eða 3,30%, en 3 tóku ekki afstöðu (0,45%).

Á kjörskrá voru 1111 sjúkraliði, en af þeim greiddu 666 atkvæði eða 59,9%.



Fjöldi á kjörskrá..... 1111  
Fjöldi kjósenda..... 666  
Kosninga þátttaka..... 59,9%

Hér má sjá úrslit atkvæðagreiðslunnar.

# Samkomulag um nýtt samningslíkan Jöfnun lífeyrisréttinda og launaskriðstrygging

Alþýðusamband Íslands (ASÍ) og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) hafa undirritað samkomulag við Samtök atvinnulífsins (SA), Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg og Samninganefnd ríkisins (SNR) um nýtt samningslíkan, en þeir kjarasamningar sem gerðir verða eftir árslok 2018 eiga að byggjast á nýja líkaninu. Tvö fjölmenn samtök opinberra starfsmanna eiga ekki aðild að samkomulaginu, það er Bandalag háskólamanna (BHM) og Kennarasamband Íslands (KÍ).

Nýja samningalíkanið á þannig að taka gildi við upphaf ársins 2019, það er eftir rúmlega þrjú ár, en gert er ráð fyrir að nýta tímann þangað til meðal annars til þess að jafna lífeyrisréttindi á almennum og opinberum vinnumarkaði og tryggja opinberum starfsmönnum hlutdeild í launaskriði sem verði á almennum vinnumarkaði umfram opinbera.

## Þak á kostnað

Fyrri atriðið – jöfnun lífeyrisréttinda – skiptir væntanlega mestu máli fyrir sjúkraliða vegna þess að samkvæmt núgildandi lögum og samningum njóta þeir eins og aðrir ríkisstarfsmenn betri lífeyrisréttinda en flestir sem eru í lífeyrissjóðum almenna markaðarins.

Það hefur lengi verið krafa opinberra starfsmanna að jafna eigi lífeyrisréttindin upp á við, það er að í stað þess að skerða réttindi opinberra starfsmanna eigi að bæta réttindin á almenna vinnumarkaðinum. Nú virðist hins vegar stefnt að því að skerða með einhverjum hætti lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna en bæta þeim það upp með öðrum hætti sem eftir er að útfæra nánar þótt sérstaklega sé samið um kostnaðarþak vegna þessara breytinga, en í samkomulaginu segir:

„Unnið er út frá sameiginlegum

kostnaðarramma fyrir yfirstandandi samningatímabil, þar sem kostnaðar- áhrif kjarasamninga (að meðtöldum kostnaði vegna jöfnunar lífeyrisréttinda), mega ekki leiða til hærri niðurstöðu en 132 í árslok 2018.“

Þessi kostnaðarvísitala er sett á 100 árið 2013, en sú tímasetning er ein af ástæðum þess að KÍ neitaði að skrifa undir samkomulagið.

Fjallað er nánar um fyrirbyggjandi hugmyndir um breytingar á lífeyrisréttindum ríkisstarfsmanna í annarri grein í blaðinu.

## Útflutningsgreinar ráði kauphækkunum

Nýja samningslíkanið gerir ráð fyrir því að „samkeppnisstaða samkeppnis- og útflutningsgreina gagnvart helstu viðskiptalöndum“ að „teknu tilliti til framleiðniþróunar og viðskiptakjara“ ráði því hversu mikið svigrúm sé til kjarabóta hverju sinni.

Samningsaðilar í þessum greinum eiga því að semja fyrst um nýja kjarasamninga og „móta þannig það svigrúm sem til launabreytinga er.“ Gert er ráð fyrir að allir aðrir launþegahópar haldi sig innan þessa ramma „þannig að jafnræði ríki.“

„Verði launaskrið á almennum vinnumarkaði skili það sér í sambærilegum launabreytingum á opinberum vinnumarkaði að teknu tilliti til áhrifa frá stofnanasamningum (launaskriðs- trygging),“ segir í samkomulaginu.

En þar er einnig tekið fram að verði kostnaðarhækkun á tímabilinu til ársloka 2018 – að meðtöldu endurgjaldi vegna jöfnunar lífeyrisréttinda – meiri en fyrrgreint vísitölupak – 132 – leyfir þá „dregst sú hækkun frá launaauka vegna launaskriðs- tryggingar uns jöfnuði er náð.“ Þetta ákvæði – sem reyndar var önnur meginástæða þess að KÍ skrifaði ekki undir samkomulagið – á að útfæra nánar á grundvelli launaskriðsmælingar fyrir árið 2017.

Viðræður um lífeyrismál opinberra starfsmanna

# Hækkun aldurs og breytt ávinnslukerfi

Vinnuhópur sem unnið hefur að því í nokkur ár að ræða breytingar á lífeyrisréttindum landsmanna stefnir að því að hækka lífeyristökualdur opinberra starfsmanna um tvö ár, taka upp aldursháð réttindaávinnslukerfi í stað jafnrar réttindaávinnslu og fella síðan niður lög sem tryggja Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóði sveitarfélaganna (LSS) baktryggingu hins opinbera. Þegar breytingarnar hafa tekið gildi eiga allir landsmenn að búa við samskonar lífeyriskerfi.

Þessi vinnuhópur fulltrúa samtaka launafólks, atvinnurekenda, ríkisvaldsins og sveitarfélaganna um breytt lífeyrissjóðskerfi hóf upphaflega störf í samræmi við 9. grein stöðuleikasáttmálans svokallaða, en sú grein hljóðar svo: „Ríkisstjórn, sveitarfélög og aðilar vinnumarkaðarins munu í sameiningu taka lífeyrismál og málefni lífeyrissjóða til umfjöllunar. Farið verður yfir málin frá grunni án skuldbindinga og fjallað um framtíðarsýn í þessum málaflökki.“

Í þessa nefnd voru skipaðir fulltrúar Alþýðusambands Íslands, BSRB, Bandalags háskólamanna, Samtaka atvinnulífsins, sveitarfélaga og ríkisins.

Hér verður stuttlega farið yfir gang mála frá því þessar viðræður fóru í gang.

## 2011: Afstöðu ASÍ og SA mótmælt

Nefndin hóf störf 17. febrúar árið 2010 en hlé var gert á starfi hennar 17. mars 2011 eftir 13 mánuði og 16 fundi. Það var gert í kjölfar minnisblaðs frá ASÍ og SA þar sem þess var krafist að lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna yrðu skert.

Stjórn BSRB gagnrýndi harðlega þetta minnisblað í ályktun sem samþykkt var 18. mars 2011, en þar segir:

„Stjórn BSRB mótmælir harðlega innihaldi minnisblaðs ASÍ og SA um stöðu lífeyrismála, dagsett 25. febrúar 2011. Það er ólíkandi að launþegasamtök gangi fram með kröfu um skerðingu réttinda félaga í öðrum



launþegasamtökum og forystu ASÍ væri sæmara að beina kröftum sínum að því að bæta réttindi eigin félagsmanna frekar en að rýra réttindi annarra. Það er umhugsunar-efni á hvaða vegferð launabaráttan er þegar slík vinnubrögð eru viðhöfð. Höfuðverkefni og skylda launþegahreyfingarinnar er að ganga frá kjarasamningum, umbjóðendum sínum til hagsbóta, ekki að höggva í áunninn réttindi annarra launþegasamtaka.

Framlagning minnisblaðsins gengur þvert gegn því starfi sem unnið hefur verið í vinnuhópi um lífeyrismál, sem starfar

samkvæmt 9. grein stöðuleikasáttmálans, en þar hefur verið unnið að útfærslu að sameiginlegu lífeyriskerfi fyrir landsmenn. Minnisblaðið truflar þá vinnu og sérstaklega er ámælisvert að það hafi ekki verið kynnt aðilum um leið og það var lagt fram. Mikilvægt er að starfsfriður ríki um þessi viðkvæmu mál.

Stjórn BSRB sér ekki hvernig hægt er að halda því starfi áfram á meðan samstarfsaðilar leggja fram ýrtruðu kröfur á öðrum vettvangi um skerðingu réttinda félagsmanna BSRB. Miðað við forsendur sér BSRB alla vankanta á því að halda þeirri vinnu áfram á einlægum hátt og telur því ekki ástæðu til frekari fundarhalda fyrr en minnisblaðið hefur formlega verið dregið til baka og þeim hugmyndum sem þar koma fram hefur verið hafnað. Stjórn BSRB krefst

Stefnt er að því að breytingarnar komi til framkvæmda 1. janúar árið 2017



fullvissu frá ríkisstjórninni um að hún muni ekki standa fyrir skerðingu á núverandi réttindum og hefur gengið á fund ráðherra með þá kröfu, ásamt fulltrúum BHM og KÍ.“

## 2012: Stefnumótun ríkisstarfsmanna

Heildarsamtök opinberra starfsmanna (BSRB, BHM og KÍ) gerðu ítarlega grein fyrir stefnu sinni í málinu í bréfi sem dagsett var 19. júní 2012. Þar sagði meðal annars:

„Í yfirlýsingum forsætis- og fjármálaráðherra sem fylgdu kjarasamningum samtakanna árið 2011 kemur fram að ekki verði hróflað við þegar áunnum réttindum opinberra starfsmanna og að allar breytingar á lífeyrismálum verði unnar í fullu samráði við samtök þeirra.

Samtökin taka af heilum hug þátt í viðræðum aðila vinnumarkaðarins um framtíðarskipan lífeyrismála, en hafa ítrekað áréttað á hvaða forsendum þau taki þátt í þeim viðræðum. Forsendurnar eru að núverandi vandi A- og B-deilda LSR verði leystur á þann veg að inngreiðslur vegna skuldbindinga ríkisins í B-deild verði að veruleika og iðgjald í A-deild verði hækkað eins og lög mæla fyrir um.

Samtökin hafna alfarið viðræðum um að núverandi vandi A-deildar verði leystur með réttindaskerðingum af neinu tagi eða með því að möguleg ný deild með breyttum forsendum verði nýtt til að rétta af hallann.

Nýskipan í lífeyrismálum kallar á endurskoðun launa. Ef um réttindaskerðandi breytingu á lífeyrismálum verður að ræða, svo sem lækkan lífeyrisaldurs eða aldurstengingu ávinnslu, þarf að mæta þeim með samsvarandi breytingum á launum.

Samtökin leggja til að verkefni starfsþópsins verði eftirfarandi:

Að gerð verði greiðsluáætlun um það með hvaða hætti inngreiðslum vegna skuldbindinga ríkisins í B-deild LSR verði háttáð.

Að iðgjald í A-deild verði hækkað í samræmi við nógildandi lög.

Að hafin verði vinna við að setja mælikvarða eða verklag við að jafna laun opinberra starfsmanna við laun á hinum almenna vinnumarkaði með tilliti til þess að tekið verði upp nýtt sameiginlegt lífeyrissjóðskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn.

Að gerð verði leiðarljós um með hvaða hætti nýtt sameiginlegt lífeyrissjóðskerfi verði tekið upp fyrir opinberra starfsmenn.“

Seint og um síðir hóf vinnuhópurinn störf að nýju og hann hefur nú sett

LSR árið 2013

# Ráðherrar og þingmenn með 480 milljónir

Á árinu 2013 fengu 218 þingmenn eða varaþingmenn og 49 ráðherrar greitt samkvæmt hinum umdeildu lögum um eftirlaun forseta Íslands, ráðherra, alþingismanna og hæstaréttardómara, sem tryggðu þessum hópi mun betri eftirlaunaréttindi en flestum öðrum í íslensku samfélagi. Samtals námu greiðslur til þessa hóps 479,1 milljón króna 2013. Þetta kemur fram í svari Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) við fyrirsögn Kjarnans um málið.

(kjarninn.is)

saman heildstæð drög að skýrslu með ítarlegum tillögum um breytingar á lífeyriskerfinu og þá einkum breytt lífeyriskerfi ríkisstarfsmanna.

## Breytt ávinnsla og hærri aldur

Þar er gert ráð fyrir að horfið verði frá núverandi kerfi um jafna réttindaávinnslu starfsmanna ríkisins en þess í stað tekin upp aldursháð réttindaávinnsla. Önnur tillaga um veigamikla breytingu á lífeyrisréttindum ríkisstarfsmanna felst í því að hækka lífeyristökualdur úr 65 árum í 67 ár, það er að seinka töku lífeyris ríkisstarfsmanna við starfslok um tvö ár.

Það er sem sagt ekki rætt um það lengur að bæta lífeyrisréttindi á almenna markaðinum í samræmi við réttindi ríkisstarfsmanna heldur að farin skuli sú leið að skerða réttindi þeirra sem starfa hjá ríkinu, en jafnframt að þeirri skerðingu skuli mætt til dæmis með tímabundnum árgangatengdum lífeyrisauka í formi séreignarsparnaðar.

Samkvæmt fyrrnefndum drögum að skýrslu stefnir vinnuhópurinn að því að breytingarnar komi til framkvæmda 1.

LÍFEYRISRETTINDI

Gunnar Gunnarsson um viðræður um lífeyrismál

## Margir sjóðir með ólík kjör og réttindi

- aldrei gefist vel að kaupa sig frá réttindum

„Því sem nýja lífeyrissjóðir á almenna markaðinum hafa minna átt um staðreynd þess að hafi átt alltaf sameiginlegt lífeyrissjóðir fyrir alla landmenn, en við skulum sjá á því að þessir sjóðir hafi ekki við sögu sína kerfi. Stjórnun þeirra sem eru í almenna stjórnum eru mjög mismunandi. Þegar sjóðir starfa á almenna vinnumarkaðinum og þeir hafa að á tilham mjög ólíkar reglur um stíðind lífeyrisauna og þjálfa og á mismunandi kjör. Það er því óþunna að taka átt og þátt átt hana íttenu kenna lífeyrisauna stíðind. annar vegar á almenna markaðinum og hin vegar fyrir stjórnum starfsmenn.“ segir Gunnar Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands.

Gunnar hefur lengi verið um lífeyrisauna stjórnum og staðnaum um lífeyrisauna stjórnum starfsmanna og stíðindum lífeyrisauna stjórnum í almenna vinnumarkaðinum. Það hefur verið átt um lífeyrisauna stjórnum starfsmanna og stíðindum lífeyrisauna stjórnum í almenna vinnumarkaðinum. Það hefur verið átt um lífeyrisauna stjórnum starfsmanna og stíðindum lífeyrisauna stjórnum í almenna vinnumarkaðinum.

2012 átt átt í samningi stjórnum starfsmanna og stíðindum lífeyrisauna stjórnum í almenna vinnumarkaðinum. Það hefur verið átt um lífeyrisauna stjórnum starfsmanna og stíðindum lífeyrisauna stjórnum í almenna vinnumarkaðinum.

Þetta hefur gerst átt um breytingar á lífeyrisauna stjórnum starfsmanna, en þá voru það þeir sem stóðu utan við samningaviðræðurnar sem snerust gegn því og tókst að bjarga málinu.“



janúar árið 2017, þar er eftir rúmt eitt ár, og að þá falli úr gildi núverandi lög um A-deild LSR, þar á meðal um bakabyrgð ríkisins.

Hugmyndin mun vera að skipa sérstaka verkefnisstjórn samningsaðila til að undirbúa breytingar á lögum og samþykktum sjóðanna, útfærslu á lífeyrisauka í tengslum við upptöku aldurstengdrar réttindaávinnslu og samráð um fjárhagslegar ráðstafanir í tengslum við kerfisbreytinguna. Þessi verkefnisstjórn verði skipuð þremur fulltrúum samtaka launafólks og atvinnurekenda á almennum markaði og þremur frá ríki og sveitarfélögum.

## Aðvörun Gunnars

Athygli vekur að vinna nefndarinnar skuli komin svona langt þar sem litlar umræður hafa farið fram innan stéttarfélaganna um kosti og galla fyrirhugaðra breytinga frá því fyrrgreind yfirlýsing var sent út árið 2012.

Rétt er hér í lokin að minna á aðvörunarorð sem Gunnar Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands og þar áður SFR um langt árabil, lét falla í ítarlegu viðtali við Sjúkraliðann árið 2012, en þar lýsti hann reynslunni af slíkum viðræðum:

„Vegna fenginnar reynslu er ástæða til að óttast. Ef forystumenn BSRB fara inn í samningaviðræður um breytt lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna geta þeir lent í ógöngum. Maður þekkir það af gamalli reynslu að í löngum og flóknum samningum er hætta á að samningamenn sogist inn í ferli sem þeir komast ekki út úr. Þannig er hægt að komast að niðurstöðu sem viðkomandi samningamaður telur sig skuldbundinn af, án þess að hann hafi ætlað sér í upphafi að lenda á þeim stað.

Þetta hefur gerst áður varðandi breytingar á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna, en þá voru það þeir sem stóðu utan við samningaviðræðurnar sem snerust gegn því og tókst að bjarga málinu.“

# Lífeyristökualdur í Evrópu víða 65 ár

Viðræður eru nú í gangi milli stjórnvalda og fulltrúa stærstu heildarsamtaka launafólks um að hækka lífeyristökualdur ríkisstarfsmanna úr 65 árum í 67 ár, eins og nánar er rakið í annarri grein í þessu blaði.

Sjúkraliðanum fannst því tilvalið að taka saman upplýsingar um þær reglur sem nú gilda um töku lífeyris úr A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, en einnig að segja frá gildandi reglum um lífeyristökualdur í nágrannalöndum okkar í Evrópu.

## Lífeyristökualdur A-deildar er 65 ár


Þegar þú hefur greitt iðgjald í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) áttu rétt á fullum lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að þú verður 65 ára.

Þér er heimilt að hefja töku lífeyris áður en þú nærð 65 ára aldri en þó ekki fyrr en næstu mánaðamót eftir að 60 ára aldri er náð. Upphæð lífeyris lækkar um 0,5% fyrir hvern mánuð sem vantar upp á 65 ára aldurinn. Ef þú ákveður að fresta töku lífeyris fram yfir 65 ára aldurinn færðu aukreitis 0,75% fyrir hvern mánuð sem töku lífeyris er frestað sem gerir 9% ávinnslu á ári eða 45% á 5 árum, en þó ekki lengur en til 70 ára aldurs.

## Ráðherrar og Alþingismenn

Ráðherrar og Alþingismenn standa betur að vígjen Jón Jónsson þegar kemur að lífeyrisaldri. Fyrirverandi ráðherra á þannig rétt á eftirlaunum úr ríkissjóði þegar svo stendur á að: 1. Hann er 65 ára eða eldri. 2. Hann lætur af ráðherrastörfum og er fullra 60 ára að aldri. 3. Hann hefur gegnt ráðherrastörfum í sex ár samtals eða lengur og lækkar þá aldursmark samkvæmt 1. tölulið um fimm ár og síðan til viðbótar um þann tíma sem hann er í embætti umfram sex ár. Aldursmarkið getur þó ekki lækkað um meira en tíu ár samkvæmt þessum tölulið.

Svipaðar reglur gilda um fyrirverandi Alþingismann, en hann á rétt á eftirlaunum



Eftir fullt starf í 40 ár hefur ríkisstarfsmaður í A-deild áunnið sér 76% af meðaltalslaunum yfir starfsævina sem eftirlaun. Hann getur seinkað töku lífeyris til 70 ára aldurs og fær við það hækkan lífeyris um 9% á ári.

úr ríkissjóði þegar svo stendur á að: 1. Hann er 65 ára eða eldri. 2. Hann lætur af þingmennsku og er fullra 60 ára að aldri. 3. Hann hefur átt sæti á Alþingi í samtals 16 ár eða lengur og lækkar þá aldursmark samkvæmt 1. tölulið um fimm ár og síðan til viðbótar um sem svarar helmingi þingsetutíma hans sem er umfram 16 ár. Aldursmarkið getur þó ekki lækkað um meira en tíu ár samkvæmt þessum tölulið.

## 65 ár algengast í Evrópu

Samkvæmt nýlegri skýrslu Evrópusambandsins um „Pension Systems in the EU“ er algengast innan bandalagsins að rétturinn til að taka lífeyri hefjist við 65 ára aldurinn eins og hér gildir hjá ríkisstarfsmönnum. Þetta á til dæmis við í Belgíu, Danmörku, Þýskalandi, Írlandi, Grikklandi (fyrir karla), Spáni, Frakklandi (fyrir konur), Ítalíu (fyrir karla) Kýpur, Lúxemborg, Hollandi, Austurríki (fyrir karla), Póllandi

(fyrir karla), Portúgal, Finnlandi (fyrir karla) og Bretlandi (fyrir karla).

Í nokkrum þessara landa er eftirlaunaldur kvenna þó lægri, til dæmis í Bretlandi (60), Finnlandi (63-68), Póllandi (60), Austurríki (60), Austurríki (60), Ítalíu (60), Grikklandi (60).

Allmörg ríki eru með lægri lífeyristökualdur en 65 ár. Dæmi: Búlgaría (63 fyrir karla, 60 fyrir konur), Tékkland (62), Eistland (63/61), Frakkland 60 (fyrir karla), Lettlandi (62), Litháen (62/60), Ungverjalandi (62), Möltu (61/60), Slóveníu (63/61) og Slóvakíu (62/59). Í Svíþjóð er lífeyristökualdurinn hins vegar breytilegur 61-67 ár.

Sum ríki hafa innbyggðan hvata til að fólk fresti því að hefja töku lífeyris eins og gildir hér á landi. Hins vegar kemur fram í skýrslunni að meðalaldur þeirra sem létu af störfum innan Evrópusambandsins árið 2008 var 61,4 ár.

Nokkur ríki innan Evrópusambandsins stefna að því að gera breytingar á sínum reglum á næstu 5-10 árum, meðal annars til að samræma lífeyristökualdur karla og kvenna, en virðist þó ekki öll vera samstíga í því efni. Þannig ætla Frakkar að lækka þennan aldur niður í 60 ár fyrir alla, en Þjóðverjar og Hollendingar stefna að 67 ára aldursmarki.

*Meðalaldur þeirra sem létu af störfum innan Evrópusambandsins árið 2008 var 61,4 ár*

## Stefnan mótuð á 44. þingi BSRB

# Lækka vinnuskyldu við 60 ára aldur

„44. þing BSRB gerir þá kröfu að samhliða samræmingu á íslenskum vinnumarkaði verði vinnuskylda lækkuð í 32 vinnuskyldustundir við 60 ára aldur,“ segir í ályktun sem samþykkt var á þinginu sem haldið var í Reykjavík 28.-30. október síðastliðinn.

Nokkuð á þriðja hundrað fulltrúar sátu þingið sem mótaði stefnu bandalagsins til næstu þriggja ára. Meðal annars var samþykkt ályktun um fjölskylduvænna samfélag þar sem þess er krafist að unnið verði markvisst að því að vinnuvika verði styttn í 36 stundir og að vinnutími vaktavinnufólks verði styttn sérstaklega. Ennfremur að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði og hámarksgreiðslur til foreldra í fæðingarorlofi verði hækkaðar verulega og fæðingarstyrkur verði aldrei undir lágmarkslaunum.

Þingið samþykkti eftirfarandi ályktun um lífeyrismál opinberra starfsmanna:

„44. þing BSRB krefst þess að bakábyrgð launagreiðanda af lífeyrisskuldbindingum falli ekki niður af A-deild LSR og LSS.

44. þing BSRB felur bandalaginu að leggja áherslu á sérstöðu einstakra starfsstétta vegna álags í starfi í samningsviðræðum um lífeyrismál við Fjármála- og efnahagsráðuneytið og sveitarfélögin. Leggja verður áherslu á að þó aldri lífeyristöku verði breytt þá muni þessir sérstöku hópar geta hætt við 65 ára aldur en njóta samt lífeyrisréttinda líkt og þeir hafi starfað til 70 ára, enda verði því mætt með auknu mótframlagi.“ Þessi samþykkt tekur meðal annarra til sjúkraliða.

## Stuðningur við ríkisrekstur

Rúnar Vilhjálmsson prófessor flutti erindi á þinginu um íslenska heilbrigðiskerfið og gerði grein fyrir nýjustu könnun sinni og Félagsvísindastofnunar á viðhorfum Íslendinga til heilbrigðisþjónustunnar. Þar kom enn á ný fram að mikill meirihluti landsmanna vill að ríkið sjái um rekstur heilbrigðisstofnana.



Svonefndur „Skæruliðakór“ sjúkraliða skemmtir við kvöldverð á þingi BSRB.

Það á við meðal annars um sjúkrahús, heilsugæslustofnanir, hjúkrunarheimili og heimahjúkrun. Stuðningur við einkavæðingu á slíkri þjónustu er mjög lítill meðal þjóðarinnar.

Í lok erindis síns sagði Rúnar mikilvægt að styrkja hið félagslega heilbrigðiskerfi Íslendinga á næstu árum og benti á eftirtaldir leiðir:

- Efla almannatryggingakerfið með það

fyrir augum að lækka lyfjakostnað og komugjöld sjúklinga.

- Styrkja heilsugæsluna og efla persónuleg tengsl sjúklinga við fagfólk hennar.
- Bæta aðbúnað sjúklinga og starfsmanna innan þjónustustofnana.
- Auka nálægð þjónustunnar, til dæmis með vinnustaðþjónustu, heilsugæslu í framhaldsskólum, og sérfræðingaheimsóknnum á heilsugæslustöðvar.
- Auka samfelluna í heilbrigðisþjónustunni með auknu samstarfi stofnana og þjónustuaðila og eftir atvikum endurskoðun á hlutverkum þjónustuaðila.



Elín Björg Jónsdóttir var endurkjörin formaður BSRB. Hér er hún við hlið formanna Þríeykisins í mótmælastöðu við Stjórnarráðið í verkfallinu.

## Kosningar

Elín Björg Jónsdóttir endurkjörin formaður BSRB, Árni Stefán Jónsson var endurkjörinn 1. varaformaður og Garðar Hilmarsson var endurkjörinn 2. varaformaður.

Þá var ný stjórn bandalagsins kosin til næstu þriggja ára en vegna lagabreytinga eiga nú formennirnir þrír sæti í stjórninni auk sex meðstjórnenda. Þeir sem hlutu kjör í stjórn BSRB ásamt formönnum að þessu sinni voru Arna Jakobína Björnsdóttir Kili, Halla Reynisdóttir Póstmannafélagi Íslands, Helga Hafsteinsdóttir Starfsmannafélagi Dala- og Snæfellsnessýslu, Karl Rúnar Þórsson Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar, Kristín Á. Guðmundsdóttir Sjúkraliðafélagi Íslands og Snorri Magnússon Landssambandi lögreglumanna.

## Mönnum fagstétta á heilbrigðisstofnunum

# Sjúkraliðum fjölgar en skila sér ekki til LSH

Á Landspítala hefur farið fram vinna við að kortleggja mannafla í klínískri þjónustu með tilliti til fjölda stöðugilda í starfsstétt, aldursdreifingu og mat á fjölda þeirra sem fara á eftirlaun á komandi árum. Helstu niðurstöður þess mats sem þegar hefur verið unnið eru þessar:

- Sjúkraliðum fjölgar á landsvísu, en þeir skila sér ekki til LSH.
- Lifeindafræðingum fækkar á landsvísu og á LSH, meðalaldur er hár og ónóg nýliðun.
- Skurðstofuhjúkrunarfræðingum fer fækkandi, mest vegna aldurs og lítillar endurnýjunar.
- Svæfingahjúkrunarfræðingum fer fækkandi, mest vegna aldurs og lítillar endurnýjunar.

Þetta kemur fram í nýlegu svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Steingrími J. Sigfússyni, fyrrverandi fjármálaráðherra, um stöðu og horfur í mönnunarmálum heilbrigðisstofnana.

Í svarinu eru einnig eftirfarandi upplýsingar frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins:

- Sérfræðingar í heilsugæslu geta aðeins mannað um 80% af stöðugildum sérfræðinga og þar sem á vantar eru stöður setnar af öðrum læknum, t.d. sérnámslæknum eða almennum læknum.
- Stöður hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra, sjúkraliða, sjúkraþjálfara og sálfræðinga eru alla jafna mannaðar og fram til þessa hefur ekki verið vandamál að manna lausar stöður innan þessara faghópa.

## Landsbyggðin

Ráðuneytið lét kanna ástandið úti á landi og fékk svör frá heilbrigðisstofnunum um allt land. Svörin eru í stórum dráttum þessi:

**Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.** Fjögur stöðugildi lækna eru ómönnuð af 20, tvö stöðugildi hjúkrunarfræðinga af 47 og 0,2 stöðugildi sjúkraþjálfara af 1,75 stöðugildum eru ómönnuð. Öll 46 stöðugildi sjúkraliða hjá stofnuninni eru mönnuð og sama er að segja um sálfræðinga í tæpum fimm stöðugildum.



Sjúkraliðum fjölgar á landsvísu, en þeir skila sér ekki til Landspítalans.

Starfsmenn nýta sér almennt ekki ákvæði kjarasamninga um aldur til að hætta að taka vaktir. Mikil samkeppni er um lækna, bæði í heilsugæslu og á legudeild. Sérstaklega er erfitt að ráða sérfræðinga (lyflækna) til starfa á legudeildina.

**Heilbrigðisstofnun Suðurlands.** Á Suðurlandi er mönnun frekar góð nema hjá læknum. Tæplega sjö stöðugildi lækna af 26 eru ómönnuð, annars eru engin stöðugildi ómönnuð. Sálfræðingur kemur frá Reykjavík einu sinni í mánuði.

**Heilbrigðisstofnun Austurlands.** Á Austurlandi er ekki fastráðið í fjögur stöðugildi lækna af 16. Breytilegt er hve margir eru við verktöku, núna eru mönnuð rúmlega tvö af þeim fjórum stöðugildum sem um ræðir. Eitt af 40 stöðugildum hjúkrunarfræðinga er ómannað, eitt stöðugildi sjúkraliða af 55 og tvö af níu stöðugildum sjúkraþjálfara. Læknaskortur er viðvarandi. Önnur mönnun gengur betur en eins og aðrar heilbrigðisstofnanir í dreifbýli er Heilbrigðisstofnun Austurlands í samkeppni við þéttbýlið um fagfólk.

**Norðurland.** Á Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) eru einu ósetnu stöðugildin tvö og hálf stöðugildi lækna. Engar aðrar stöður eru ómannaðar hjá stofnuninni. Mönnun í hjúkrunarfræði er góð eftir tilkomu náms í hjúkrunarfræði við Háskólann á Akureyri. Hið sama gildir um sjúkraliða. Langvarandi mönnunarvandi hefur verið hjá sérfræðilæknum við stofnunina, nokkuð misjafnt eftir sérgreinum og tímabilum.

*Skortur er á sjúkraliðum á Vestfjörðum*

Við Heilbrigðisstofnun Norðurlands eru 47 læknastöður á svæðinu sem er víðfeðmt. Ekki hefur tekist að fastráða í 10 af stöðunum en það er leyst að mestu með verktöku og öðrum afleysingum. Mönnun annarra stétta er yfirleitt góð, aðeins ein staða hjúkrunarfræðings er ómönnuð. Mönnun sjúkraliða, sjúkraþjálfara og sálfræðinga er almennt góð og engin stöðugildi ómönnuð. Vaktavinna hefur ekki mikil áhrif á mönnun, aðeins tveir læknar kjósa að taka engar vaktir. Hjúkrunarfræðingar sækja hins vegar í dagvinnu með hækkandi aldri en á hinar þrjár stéttir hefur þetta lítil sem engin áhrif.

**Vestfirðir.** Í fjórum af níu stöðum lækna við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HVEST) eru fastráðnir læknar. Auk þess er tveimur sinnt í verktöku og með sérnámslækni. Þrjár stöður eru ósetnar. Tvö stöðugildi hjúkrunarfræðinga af fimm eru ómönnuð. Ófaglærðir eru í flestum stöðum sjúkraliða sem ekki eru mannaðar á Vestfjörðum eins og er. Ein af fimm stöðum sjúkraþjálfara er ósetin á sunnanverðum Vestfjörðum. Sálfræðingar koma frá LSH tvisvar í mánuði, tvo til þrjá daga í senn.

Hætta er á að skortur á sjúkraliðum verði viðvarandi og erfitt að spá til lengri tíma. Með hækkandi aldri fækkar þeim sem taka næturvaktir og vaktabyrðin eykst á hinum.

**Vesturland.** Á Vesturlandi eru 18 stöðugildi heilsugæslulækna. Nú eru starfandi 10 fastráðnir heilsugæslulæknar og þar við bætast tveir verktakar sem saman sinna fjórum stöðum heilsugæslulækna samkvæmt samningi til allt að tveggja ára. Stöður fjögurra heilsugæslulækna eru ósetnar. Varðandi ráðningar sérfræðilækna eru aðstæður ásætlanlegar en þó er skortur á nokkrum lykilsviðum.

Stöðugildi flestra hjúkrunarfræðinga eru setin. Mönnun sjúkraliða er ásætlanleg, meðalaldur er allhár og nýliðun hæg. Sjö fastráðnir sjúkraþjálfarar eru í starfi og mat stofnunar er að tvö stöðugildi sjúkraþjálfara vanti. Ekki hefur reynt á fatsráðningu sálfræðinga þau fimm ár sem stofnunin hefur verið starfandi.

## Mannaflaspá velferðarráðuneytisins

# Áhrif hækkandi aldurs á mönnun

„Áhrif hækkandi aldurs mun geta haft áhrif á mönnun og það mun samkvæmt spánni 2011–2012 koma fram í nánustu framtíð. Ákvæði í kjarasamningum lækna um undanþágu frá vöktum eftir 55 ára aldur hafa þegar skapað vandkvæði varðandi mönnun vakta hjá stofnunum á landsbyggðinni. Hjá hjúkrunarfræðingum hefur sambærilegt ákvæði verið fellt út úr kjarasamningi og sama er að segja um ljósmæður. Hjá sjúkraliðum gildir aldursákvæði í kjarasamningum og getur það valdið vandkvæðum. Vaktavinna sjúkraþjálfara er lítil og hefur ekki afgerandi áhrif á stéttina.“

Svo segir í skriflegu svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn um mönnun heilbrigðisþjónustunnar sem Steingrímur J. Sigfússon fyrrverandi fjármálaráðherra lagði fram á Alþingi.

Þar er enn fremur fullyrt að á Landspítala hafi gengið nokkuð vel að manna vaktir utan dagvinnutíma þrátt fyrir hækkandi aldur margra heilbrigðisstétta. „Ungt fólk virðist síður vilja vinna vaktavinnu en þeir sem eldri eru. Verið er að skoða hvað veldur og er sú vinna á byrjunarstig hjá LSH,“ segir í svarinu.

## 126 starfsleyfi sjúkraliða 2014

Í svari ráðherrans er tafla um fjölda útgefinna sérfræðileyfa hjá embætti landlæknis undanfarin ár og er hún birt hér í blaðinu. Þar kemur fram að frá árinu 2009 hafa útgefin starfsleyfi fyrir sjúkraliða verið fæst 97 árið 2013, en flest 129 árið 2012.

Þar er einnig birt meðfylgjandi tafla um meðalaldur heilbrigðisstétta. Þar má sjá að meðalaldur lækna er hæstur, 50,4 ár, en næst koma sjúkraliðar – meðalaldur þeirra er 49,5 ár.

## Stöðugildi og meðalaldur

Birtar eru tölur um stöðugildi heilbrigðisstétta og meðalaldur á Landspítalanum. Samkvæmt þeirri

### Almenn starfsleyfi gefin út af embætti landlæknis.

	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Læknar	94	64	57	61	61	45
Hjúkrunarfræðingar	115	138	121	95	126	144
Sjúkraliðar	118	98	115	129	97	126
Sjúkraþjálfarar	29	31	19	17	21	29

Hér má sjá yfirlit um fjölda starfsleyfa heilbrigðisstétta sem landlæknir hefur gefið út á árunum 2009 til 2014.

### Nemendur í nokkrum heilbrigðisgreinum á Íslandi 2015

		Stg. fagstétta á LSH	Hlutfall
Sjúkraliðar	277	432	64%
Hjúkrunarfræðingar	529	1.076	49%
Ljósmæður	20	94	21%
Læknar	288	537	54%
Geislafræðingar	35	66	53%
Lífeindafræðingar	76	135	56%
Heildarfjöldi nemenda	1.225	2.341	

Samtals eru 1225 nemendur í námi þessara heilbrigðisstétta, þar af eru 227 sjúkraliðanemar.

töflu eru dagvinnustöðugildi sjúkraliða á LSH 412 sem 578 sjúkraliðar sinna. Meðalaldur þeirra sjúkraliða er 45 ár. Til samanburðar má nefna að 1445 hjúkrunarfræðingar gegna 1067 dagvinnustöðugildum á Landspítalanum og

er meðalaldur þeirra lítið eitt hærri en sjúkraliða eða 47 ár.

## Hlutfall nema

Á Landspítalanum var safnað gögnum um fjölda nema í nokkrum fjölmennustu heilbrigðisstarfsstéttunum. Í meðfylgjandi töflu er fjöldi nema borinn saman við fjölda starfsmanna í sömu greinum á LSH. Þá kemur í ljós að hlutfall nema er hæst hjá sjúkraliðum, eða 64%. (Sumir lesendur hafa vafalaust tekið eftir því að ekki er samræmi í þessum tveimur töflum í svarinu varðandi stöðugildi sjúkraliða á Landspítalanum; í annarri töflunni eru þau sögð 412 en í hinni 432. Skýringin er væntanlega sú að töflurnar hafi verið unnar á ólíkum tímum).

### Meðalaldur heilbrigðisstétta.

	2014
Læknar	50,4
Hjúkrunarfræðingar	47
Sjúkraliðar	49,5
Sjúkraþjálfarar	42

Meðalaldur lækna er lítið eitt hærri en sjúkraliða.



Gengið var eftir á um þetta þrönga gil.



Hressir sjúkraliðar á fagurri gönguleið.

## Göngu- og skemmtiferð SLFÍ til Spánar

# Dásamlegir dagar

Seinni gönguferð ársins til Spánar á vegum Sjúkraliðafélags Íslands var farin þann 17. september. Ferðinni var heitið í þorpið Competa í Andalúsíu.

Við vorum 15 manns, 12 konur og þrjú karlar. Við hittumst á Keflavíkurflugvelli að morgni 17. september. Við flugum í beinu flugi til Malaga, þar var tekið á móti okkur og ekið upp í þorpið Competa sem er klukkustundar akstur. Þar gistum við á yndislegu hóteli í 10 nætur.

Fyrsti dagurinn var hvíldardagur, við fengum flotta kynningu frá ferðaskrifstofunni um fyrirhugaðar ferðir, erfiðleikastig, útbúnað o.s.frv. Á meðan á kynningunni stóð buðu þau upp á drykki og smárétti.

Við lögðum af stað í allar ferðir klukkan 9.00 að morgni, þannig að hitinn var þolanlegur, og yfirleitt vorum við komin aftur á hótelið um 3 leytið og þá var upplagt að henda sér við sundlaugina og slaka á og njóta. Við borðuðum flest kvöldin saman á hótelinu, enda var hópurinn einstaklega samheldinn, mikið hlegið og dansað nokkrum sinnum á þorpstorginu við góðar undirtektir þorpsbúa. Já, þetta voru dásamlegir dagar, allir glaðir og ánægðir, ekki

spillti fyrir ánægjunni hve ódýrt var að borða og gaman að röltu um í litla þorpinu og skoða í þorpsbúðirnar.

### Þrjár gönguferðir

Við fórum í þrjár gönguferðir með innfæddum farastjórum, fengum góða fræðslu um náttúru og sögu og smökkuðum ávexti sem við týndum af trjánum. Í lok göngu var dúkað upp borð í náttúrunni með gómsætum réttum og drykkjum.

Minnisstæðasta gangan var þegar gengið var inn í þröngt gil, en þar gengum við í strigaskóm ofan í á um 8 kílómetra leið.

Við fórum í dagsferð til strandbæjarins Nerja sem liggur vestan við Malaga, þar nutum við strandlífsins og röltum um þröngar götur bæjarins.

Við fórum einnig í jeppaferð í þorpið El Acebuchal sem var yfirgefið þegar Franco var við völd á Spáni, en ættingjar hafa endurbyggt, það er einstaklega sjarmerandi.

Síðasta ferðin var til Malaga, þar vorum við í heilan dag, fórum á Picasso safnið og versluðum og nutum þessarar fögru borgar.

Við lögðum af stað heim að morgni 27. september, en vegna breytingar á flugi

fórum við frá Jeres en ekki frá Malaga eins og til stóð. Við vorum 4 tíma á leiðinni til Jeres, keyrðum meðfram ströndinni. Flugíð heim gekk vel, eins og ferðin öll.

### Næstu gönguferðir

Ég hef orðið vör við mikinn áhuga á ferðunum og hvort þær verði í boði næsta ár. Ég býst við að bjóða upp á gönguferð frá Ronda sem er sögufrægur bær, m.a. frægur fyrir sögufrægan nautaatshring, tilkomumikið bæjarstæði og arabísk böð. Í þessari ferð er gengið á milli þorpa í 6 daga, en henni lýkur í bænum Estapona sem er strandbær nálægt Marbella. Þessi ferð er aðeins fyrir fólk sem er í góðu formi og getur gengið allt frá 11 km til 20 km á dag. Þessi ferð gæti orðið í maí.

Einnig mun ég bjóða upp á svipaða ferð og við fórum í sumar í þorpið Competa í september.

Ég vil að lokum þakka mínum frábæru ferðafélögum í báðum ferðunum fyrir frábærar samverustundir.

*Með góðri kveðju  
Úlfheiður Kaðlín Ingvarsdóttir  
sjúkraliði og leiðsögumaður.*



Sjúkraliðarnir fagna góðum áfanga.



Farið var á Picasso safnið í Malaga.

Páll Matthíasson forstjóri Landspítalans

# Dreift húsnæði er ógn við öryggi

„Landspítalinn er þjóðarsjúkrahús og reksturinn snýst um almannaheill sem er afar mikilvæg en sömuleiðis dýr, flókin og erfið. Þess vegna er þörf Landspítalans fyrir stuðning og fjármagn sífellt og endalaus, en á sama hátt er ágóðinn af því að þjóðarsjúkrahúsið sé öflugt og gott miklu meiri,“ segir Páll Matthíasson forstjóri í viðtali við Sjúkraliðann.

Sjúkraliðanum fannst tilvalið að ræða við Pál um stöðu spítalans og framtíðarhorfur nú þegar samningar hafa tekist að afloknu verkfalli.

Páll fæddist í Reykjavík árið 1966, lauk læknaprófi frá Háskóla Íslands með ágætiseinkunn árið 1994 og vann kandidateitarsitt á Landspítalanum. Frá 1997 til 2007 starfaði Páll í Lundúnum, fyrst við framhaldsnám í geðlækningum og síðar sem sérfræðingur og yfirlæknir, en lauk jafnframt doktorsprófi frá Geðfræðastofnun Lundúnaháskóla. Hann hefur starfað á Landspítalanum frá árinu 2007 sem yfirlæknir og frá 2009 sem framkvæmdastjóri geðsviðs og tók við starfi forstjóra 2013.

## Dýrir biðlistar

- Landspítalinn hefur verið í ólgusjú vegna átaka um kaup og kjör allt frá því haustið 2014 þegar læknar gripu til aðgerða. Hvaða áhrif hafa öll þessi átök haft á starfsemi spítalans?

„Áhrifin eru margþætt,“ svarar Páll. „Það sem blasir við eru þær tafir á þjónustu sem orðið hafa vegna þessara aðgerða, og það á í raun við um öll verkföllin. Þetta skall yfir í þremur lotum, fyrst læknar og Skurðlæknafélagið, síðan BHM, þá hjúkrunarfræðingar og loks Sjúkraliðafélagið og SFR. Öll þessi verkföll höfðu verulega truflanir í för með sér fyrir reglulega starfsemi spítalans og leiddu til þess að það hlóðust upp biðlistar sjúklinga eftir aðgerðum. Hins vegar tókst með góðum undirbúningi og



Páll Matthíasson forstjóri Landspítalans á skrifstofu sinni við Eiríksstötu.

góðu samstarfi við stéttarfélagin að sinna bráðþjónustu þannig að við vonum að enginn varanlegur skaði hafi orðið að því leyti til. Ég vil í því sambandi ekki síst þakka samstarfið við Sjúkraliðafélagið sem var til fyrirmyndar og hjálpaði okkur mjög mikið í verkfalli sem hafði afar víðtæk áhrif á spítalanum.

Áhrif verkfallanna á starfsfólk voru líka mjög mikil Það þekkja sjúkraliðar reyndar vel, enda voru þeir meðal þeirra sem þurftu að láta hlutina ganga í fyrri verkföllunum. Við slíkar aðstæður er enn meira álag á það starfsfólk spítalans sem ekki er í verkfalli eða starfar á undanþágum. Við verðum einnig að hafa í huga

„Ég tel að Landspítalanum hafi tekist að mestu leyti að standa vörð um þjónustuna“

að margt hefur gengið á áður en starfsfólk missir þolinmæðina og tekur þá ákvörðun að fara í verkfall eða jafnvel að segja upp starfi sínu. Þótt búið sé að semja þá tekur tíma fyrir þau sár að gróa og ég held að allir hér skynji það og skilji.“

- Hvernig verður tekist á við þessa biðlista?

„Biðlistar eru auðvitað mjög slæmir því þeir lengja bið sjúklinga eftir aðgerðum. Við höfum sérstaklega verið að skoða biðlista eftir liðskiptaaðgerðum á mjöðm og hné, augasteinaaðgerðum og hjartaþræðingum. Sjúklingar sýna yfirleitt ótrúlegt langlundargeð við þessar aðstæður en það er oft flókið að takast á við endurröðun biðlistanna, og það er líka þreytandi fyrir starfsfólk að horfa á það biðlistafjall sem bíður. Ég vona að við fáum sérstaka fjárveitingu til að vinda ofan af biðlistunum. Embætti landlæknis hefur forgangsraðað þeim aðgerðum sem ég nefndi áðan, mjaðmaskipti, hnjáskipti, augnasteinaaðgerðir og hjartaþræðingar,

og lagði það fyrir velferðarráðuneytið. Við höfum síðan unnið tillögur um hvernig hægt væri að takast á við þetta verkefni og reynt að meta kostnaðinn sem okkur sýnist vera nokkuð á annan milljarð króna. Oft er verið að reka deildir hérna með 100% afköstum þannig að það er ekki hægt að auka afköstin þar að óbreyttu. Það þarf því til dæmis að vinna lengur frameftir, bæta við helgum eða efla getu spítalans til að vinna hraðar til dæmis með því að fjölga skurðstofum með tilheyrandi stofnkostnaði og mannafla, og erum við að skoða allar þær leiðir.“

## Gott samstarf við Sjúkraliðafélagið

- Þú nefndir áðan að samstarf við Sjúkraliðafélagið hafi gengið vel í verkfallinu?

„Já, það er mjög reynslumikið fólk í Sjúkraliðafélaginu, sjúkraliðar með langa stjórnunarreynslu úr heilbrigðiskerfinu og klíniska reynslu, og þeir skilja því vel þann vanda sem við blasir í verkfalli á Landspítala. Það er mjög mikilvægt að hægt sé að setja upp ákveðnar verklagsreglur um það hvernig eigi að mæla álag og hvenær sé rétt beita undanþágum og bæta við fólki. Við reyndum að nota slíkar mælingar en það getur verið flókið mál. Ég get nefnt sem dæmi að allir mælar geta verið á rauðu á bráðamóttökunni þótt þar sé ágætis mönnun, því þar eru góðir undanþágulistar fyrir, en þá er skýringin sú að það er ekki hægt að opna öll pláss sem til eru uppi á legudeild til að taka við sjúklingum af bráðamóttökunni. Og þegar það vandamál hefur verið leyst þá loga samt rauð ljós vegna þess að önnur sjúkrahús eða heimahjúkrunin hafa ekki gætt þess að sækja um undanþágur og því stöðvast rennsli sjúklinga þangað. Til að leysa þessi mál farsælega þurfti samtal á milli heilbrigðisstofnananna og þeirra sem stýrðu verkfalli sjúkraliða og það gekk mjög vel fyrir sig þannig að öryggi sjúklinga var tryggt eins og kostur var.“

- Nú eru samningamál spítalans í höndum fjármálaráðuneytisins, en getur spítalinn sem stofnun haft einhver bein áhrif á þróun kjaramála sinna starfsmanna til að stuðla að samkomulagi án verkfalla?

„Ég held að spítalinn geti gert ýmislegt. Þótt við séum ekki aðilar að gerð kjarasamninganna þá finnst mér að það mætti hafa meira samráð við okkur á meðan samningaviðræðurnar eru í gangi, því við erum mjög stór vinnustaður margra stétta

sem voru í verkfalli síðasta ár. Ég held að frekari aðkoma okkar að viðræðunum gæti hjálpað.

Annað er að laun á Landspítalanum eru oft með því lægsta sem gerist og það er kannski að hluta til vandi stærðarinnar á stofnun þar sem launaliðurinn er yfir 30 milljarðar á ári. Ég tel að í stofnanasamningum felist mikil tækifæri til starfsþróunar, en þá þarf að gæta þess við

álag hjá hjúkrunarfræðingum, m.a. með svokölluðu RAFAELA kerfi þar sem við metum hjúkrunar- og umönnunarálag og berum það saman við mönnunarmódel spítalans og sjáum að sums staðar vantar upp á. Við þurfum að mínu mati að gera samskonar úttekt varðandi sjúkraliða sem eru ekki síður mikilvægir aðilar í hjúkrun og umönnun sjúklinga.

Aukið álag, aukin veikindi, álagstengdar



Forstjóri Landspítalans hrósar framgöngu Sjúkraliðafélagsins í verkfallinu. Hér er undanþágunefndin að störfum, frá vinstri Sara Lind Guðbergsdóttir, fulltrúi fjármálaráðuneytisins, Birna Ólafsdóttir fulltrúi Sjúkraliðafélagsins, Jóhanna Traustadóttir, fulltrúi Sjúkraliðafélagsins og Elín Helga Jóhannesdóttir Sanko fulltrúi SFR.

samningsgerð að fjárveiting til þeirra sé nægileg, sem er kannski skýringin á því að slíkir stofnanasamningar hafa ekki virkað eins vel á stærstu vinnustöðunum.“

## Mönnunarmódel í skoðun

- Mikið hefur verið rætt og ritað síðustu árin um gífurlegt álag á starfsmenn Landspítalans, þar á meðal sjúkraliða, án þess að það hafi breyst til batnaðar. Eru einhverjar líkur á því að álag á starfsfólkið muni minnka á næstu árum?

„Það er mikil áhyggjuefni hvað álag er víða mikið á deildum spítalans og ég vona svo sannarlega að það muni draga úr þessu álagi, en það gerist ekki af sjálfu sér. Við höfum verið að mæla

kvartanir, allt þetta magnast þegar fólk er að hlaupa hraðar heldur en hægt er að ætlast til. Mér er því ljóst að það er gróði í því fölginn að bæta mönnunarmódel spítalans ef þau passa ekki við álagið. Þegar álagið er of mikið þá aukast veikindi starfsfólks og það er kostnaðarsamt fyrir spítalann sem þarf þá að kalla inn fólk á aukavaktir. Við höfum séð það á þeim fáu deildum þar sem okkur hefur tekist að bæta mönnun hjúkrunarfræðinga á fullnægjandi hátt, að þar hefur dregið jafnvel meira úr yfirvinnu en það kostaði að bæta við mannskap, þannig að það er líka rekstrarlegur ávinningur af því að draga úr álaginu. En það sem er þó miklu mikilvægara er mannauðslegi ávinningurinn, og svo er það líka auðvitað öryggisspursmál að hafa viðunandi mönnun á spítalanum.“

- Í svari heilbrigðisráðherra við fyrirspurn um mönnunarmálin segir að fjölgun sjúkraliða á landsvísi skili sér ekki til Landspítalans?

„Það er því miður rétt og er áhyggjuefni. Ég held að það hljóti að tengjast starfsumhverfi þannig að við verðum

„Aukið álag, aukin veikindi, álagstengdar kvartanir, allt þetta magnast þegar fólk er að hlaupa hraðar heldur en hægt er að ætlast til“



að líta í eigin barm að því leyti og líta á álagið, aðstöðuna og launin.“

- Hvað þarf þá að gera til að fjölga sjúkraliðum á spítalanum?

„Við erum að reyna að bæta starfsumhverfi almennt hjá starfsfólki spítalans, með því til dæmis að efla heilsuvernd og gera betur við fólk í mat í mötuneytum og á deildum, og það er allt saman mikilvægt. Við verðum líka að skoða mönnunarmodel og tryggja að það sé mannað í samræmi við álag, en það er lengri tíma mál og krefst þess að við kortleggjum vandann og finnum síðan fé og fólk með viðeigandi menntun til að bæta stöðuna. Það þriðja eru svo launin, sem við ráðum ekki við, en ef stofnanasamningar væru fjármagnaðir með betri hætti þá væri það ákveðin leið til að bæta laun. Það væri einnig gott ef tillit væri tekið til þess í samningum að bæta kjörin á þeim stofnunum þar sem launin eru lægst og þá hugsa ég sérstaklega til Landspítala.“

## Stöndum vörð um þjónustuna

- Að undanfögnu hafa birst ýmsar fréttir um erfiðleika í þjónustu Landspítalans. Er Landspítalinn í stakk búinn til að sinna svo sem vera ber því hlutverki sínu að vera sjúkrahús allra landsmanna?

„Ég tel að Landspítalanum hafi tekist að mestu leyti að standa vörð um þjónustuna, og okkur hefur tekist að tryggja öryggi sjúklinga. Hins vegar er það eilíf áskorun að fá fjárveitingar sem passa við hlutverk Landspítalans sem þjóðarsjúkrahúss sem á að veita öllum landsmönnum heilbrigðisþjónustu. Það er sérstaklega vandamál núna vegna þess að Landspítalinn er á föstum fjárlögum og þar er ekki tekið tillit til þess að álagið er að aukast á hverju ári. Okkur telst til að álagið á Landspítalanum hafi verið að aukast um 1,8% á ári að meðaltali frá 2010. Það er fyrst og fremst vegna breyttrar aldursamsetningar þjóðarinnar, en við vitum að eldri borgarar eru það fólk sem mest notar okkar þjónustu. Það er hins vegar ekki gert ráð fyrir þessari álagsaukningu í fjárveitingum til spítalans og í því vinnulagi felst í raun og veru dulin sparnaðarkrafa um tæp tvö prósent á ári. Stundum erum við látin hafa einhverja peninga á haustin til að rétta hallann af og okkur sagt að vera þakklát fyrir það. Það væri hins vegar miklu eðlilegra og betra fyrir Landspítalann ef fjármögnun væri í samræmi við verkefni og tekið



Launakostnaður spítalans er rúmir 30 milljarðar króna á ári, segir Páll Matthíasson forstjóri.

væri tillit til hins vaxandi álags þegar fjárveitingar til spítalans eru reiknaðar í fjárlögum ríkisins.“

- Margir halda því fram að Landspítalinn hafi verið sveltur fjárhagslega ekki aðeins þessi síðustu ár heldur allt frá síðustu aldamótum, líka á þeim árum þegar velgengni var mikil. Hvað veldur þessari afstöðu fjárveitingavaldsins á Alþingi í ljósi þess að kannanir sýna að mikill meirihluti þjóðarinnar vill efla starfsemi spítalans?

„Ég legg til að þú spyrjir stjórnálmennina að því, en ég get ímyndað mér að ein af ástæðunum sé sú að Landspítalinn er mjög stór og flókin stofnun. Það er oft auðveldara fyrir stjórnálmenn að einblína á eitthvað sem er einfaldara mál að styrkja en að fjármagna það sem við þurfum að gera á Landspítalanum þar sem tiltölulega lítil viðbót hér er mjög há í krónutölu, og það jafnvel þótt ábatinn af okkar starfsemi fyrir almannaheill sé miklu meiri.“

- Húsnæðismál spítalans hafa verið og eru enn deiluefni. Hvernig myndir þú lýsa húsnæðismálum spítalans í dag og hverju spáir þú um framhaldið?

„Húsnæði Landspítalans er sums

„Við erum að reyna að bæta starfsumhverfi almennt hjá starfsfólki spítalans“

staðar þokkalegt, en víða mjög illa farið og ógn við öryggi. Það er líka öryggisógn hversu dreift okkar húsnæði er. Þar vísa ég sérstaklega til þess að við erum með bráðaþjónustu spítalans á tveimur stöðum, bæði við Hringbraut og í Fossvogi, með níu þúsund sjúkraflutninga þar á milli á hverju ári.

Það er mjög jákvætt að nú hefur verið hafist handa við að reisa nýbyggingar við Hringbraut. Staðurinn skiptir reyndar ekki mestu máli heldur að nýtt húsnæði rísi á næstu 5-7 árum og það mun ekki gerast nema hér við Hringbraut. En í millitíðinni verður að setja meira fé í viðhald og endurbætur á eldra húsnæði spítalans. Heilbrigðisvandamál starfsfólks vegna raka og myglu eru okkur áhyggjuefni. Við metum þörf Landspítalans fyrir viðhald í þeim rúmlega 100 húsum þar sem starfsemi okkar fer fram upp á 1,4 milljarð króna á ári, umfram þær 600 milljónir króna sem við fáum til þeirra verkefna og það er mikið vandamál.

Það er mjög dýrt að reka Landspítalann vegna þess að það er dýrt að reka góða heilbrigðisþjónustu. Margar þjóðir hafa ekki efni á því eða tíma því ekki, en ég held að við höfum klárlega efni á því að reka góða heilbrigðisþjónustu og mér finnst að við eigum að tíma því líka,“ segir Páll Matthíasson.

# Nauðbeygð til að fara í verkfall

Löng og erfið barátta sjúkraliða fyrir réttlátri kjaraleiðréttingu leiddi til verkfalla í október 2015 sem skiluðu nýjum kjarasamningi við ríkisvaldið. Sjúkraliðar tóku mikinn og virkan þátt í baráttunni sem vakti verulegar umræður í fjölmiðlum.

Á öðrum stað í blaðinu er sagt ítarlega frá nýja kjarasamningnum, en hér á eftir fer annáll „Baráttunnar 2015“ og er sú samantekt byggð á fréttum, greinum og annarri umfjöllun fréttamiðla í september og október um samninga- og verkfallsmál sjúkraliða.

## 15. SEPTEMBER

### Allar líkur á verkfalli sjúkraliða

Allar líkur eru á að ellefu hundruð sjúkraliðar boði til verkfalls og leggi niður störf í október. Framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands segir kjaraviðræður þeirra og ríkisins í algjörum hnút.

Sjúkraliðafélag Íslands, Landssamband lögreglumanna og SFR, stéttarfélag í almannafjónustu, hafa átt í sameiginlegum kjaraviðræðum við ríkið síðustu mánuði. Kjarasamningar félaganna hafa verið lausir síðan í vor og var deilu þeirra vísað til ríkissáttasemjara í lok júní. Viðræðurnar hafa skilað litlum árangri og var sjöunda fundi hjá ríkissáttasemjara slitið í síðustu viku án þess að nokkuð miðaði í samkomulagsátt. Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands, segir deiluna í algjörum hnút.

„Hvað eigum við að segja, þær sanngjörnu kröfur sem við lögðum fram á síðasta fundi að það var alls ekki brugðist við þeim. Það var bara sagt þvert nei og okkur boðið eitthvað annað en það sem er búið að semja um og gerðardómurinn gerir ráð fyrir,“ segir Gunnar Örn. (visir.is)

## 20. SEPTEMBER

### „Við erum gjörsamlega nauðbeygð“

Sjúkraliðar telja sig nauðbeygða til að fara í verkfall þar sem kjaradeila þeirra og ríkisins er í algjörum hnút. Þetta segir formaður Sjúkraliðafélags Íslands en atkvæðagreiðsla um boðun verkfalls hefst á morgun.

Atkvæðagreiðslan nær til 1100 félagsmanna. Gert er ráð fyrir að verkfallsaðgerðirnar hefjist 15. október. Um tímabundin verkföll er að ræða en allsherjarverkfall skellur svo á 16. nóvember ef ekki verður búið að semja fyrir þann tíma.

Kristín segir almennan vilja meðal sjúkraliða að fara í verkfall. Kjaradeilan sé í algjörum hnút og félagsmenn sjái því ekki neina aðra leið en að nýta sér verkfallsvopnið.

„Við erum bara gjörsamlega nauðbeygð. Það er enginn sem vill eða óskar þess að fara í verkföll,“ segir Kristín. Félagsmenn geti hins vegar ekki sætt sig við að laun þeirra hækki minna en annarra sem starfi innan heilbrigðiskerfisins. (visir.is)

## 23. SEPTEMBER

### „Málin standa hörmulega“

Hljóðið er þungt í Kristínu Á. Guðmundsdóttur, formanni

Sjúkraliðafélags Íslands. Undanfarnir samningafundir í kjaraviðræðum sjúkraliða og ríkisins hafa litlu sem engu skilað og verkfall vofir yfir. Að sögn Kristínar vill ríkið auka þann mun sem verið hefur á kjörum sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga. (ruv.is)

## 29. SEPTEMBER

### Sjúkraliðar og SFR samþykkja verkfall

Verkfallsboðanir SFR - stéttarfélags í almannafjónustu og Sjúkraliðafélags Íslands voru samþykktar með miklum meirihluta í atkvæðagreiðslum félagsmanna. 85 prósent þeirra félaga SFR sem tóku þátt greiddu atkvæði með verkfallsboðun. Hjá sjúkraliðum var verkfallsboðun samþykkt með 91 prósentu atkvæða.



Fjölmennt var fyrir utan Stjórnarráðið þegar formenn Þríeykisins afhentu forsætisráðherra áskorun um að sjúkraliðum og félögum í SFR og LL yrðu tryggðar sömu kjarabætur og aðrir ríkisstarfsmenn höfðu fengið.

Atkvæðagreiðslu í félögunum tveimur lauk klukkan tólf í dag og úrslit voru tilkynnt klukkan tvö. Forystumenn félaganna töluðu um afgerandi og mjög skýra niðurstöðu sem sýndi hvert hugur félagsmanna stefndi.

Ef ekki semst milli ríkisins og félaganna tveggja leggja allir félagsmenn þeirra niður störf tímabundið fimmtudaginn 15. og föstudaginn 16. október og svo aftur mánudaginn 19. og þriðjudaginn 20. október. Allsherjarvinnustöðvun verður svo endurtekin 29. og 30. október, 2. og 3. nóvember og 12. og 13. nóvember. (ruv.is)

### Fimm þúsund manns fara í verkfall

Verkfallsboðun starfsmanna ríkisins í Sjúkraliðafélagi Íslands og SFR hefur verið samþykkt. Um fimm þúsund sjúkraliðar og félagsmenn í SFR fara í verkfall 15. október, hafi ekki náðst samningar við ríkið.

Engin niðurstaða hefur enn fengist í sameiginlega kjaradeilu SFR og Sjúkraliðafélags Íslands við ríkið. Atkvæðagreiðsla um verkfallsaðgerðir félaganna hófst í síðustu viku og voru niðurstöður kynntar í dag. Niðurstöðurnar voru mjög afgerandi. Aðgerðirnar

voru samþykktar með rúmlega 85% atkvæða hjá SFR félögum og rúmlega 90% atkvæða hjá sjúkraliðum. Um fimm þúsund manns fara því í verkfall 15. október, hafi ekki samist fyrir þann tíma.

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, segir að nú verði niðurstaða atkvæðagreiðslunnar kynnt samninganefnd ríkisins og síðan hefjist undirbúningur verkfalls af fullum krafti.

„Því miður bitnar þetta á samfélagsþjónustunni í heild. Og það er mjög alvarlegt og við gerum okkur fulla grein fyrir því hversu alvarlegt þetta verkfall er,“ segir Kristín.

*Aðspurð um hvort hún eigi von á því að niðurstaða atkvæðagreiðslunnar verði til þess að ríkið gangi til samninga, svarar Kristín: „Ja. Ef ekki, hvað þá? Það er í raun og veru spurning sem þeir verða að spyrja sig sjálfir. Hvað þeir ætli sér með þetta velferðarkerfi. Hvort þeir ætli sér að halda áfram að halda öllu heilbrigðiskerfinu í hnút eins og þeir hafa gert fram að þessu.“ (ruv.is)*

## 6. OKTÓBER

### Enginn árangur af samningafundi

Enginn árangur varð af fundi samninganefndar SFR, sjúkraliða og lögreglumanna við samninganefnd ríkisins, sem lauk nú á fjórða tímanum. Þetta er fyrsti fundurinn í deilunni í um það bil viku.

Boðað verkfall þúsunda ríkisstafsmanna á að hefjast á fimmtudaginn í næstu viku. Árni Stefán Jónsson formaður SFR segir að það séu gífurleg vonbrigði að ríkið hafi ekki komið með nýtt útspil á samningafundinum. Annar fundur í deilunni hafi ekki verið boðaður. Félögin fara fram á um það bil 30 prósent launahækkun til 1. mars 2019. Árni segir að ríkið bjóði um 22 prósent hækkun á því tímabili. (ruv.is)

## 8. OKTÓBER

### Leggja 1100 sjúkraliðar niður störf?

Allt stefnir í að ellefu hundruð sjúkraliðar leggi niður störf í næstu viku, að sögn Gunnars Arnars Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Sjúkraliðafélags Íslands. Hann er ósáttur við að félaginu sé ekki boðinn viðlíka samningur og þeim sem Starfsgreinasambandið undirritaði í gær.

„Það virtist enginn áhugi vera fyrir að semja við okkur á síðasta fundi. En við getum ekki séð annað en að samningurinn við Starfsgreinasambandið sé nákvæmlega á þeim nótum sem við erum að fara fram á. Þannig að þetta er óskiljanlegt fyrir okkur. Ég verð bara að segja það,“ segir Gunnar Örn. „Staðan í okkar viðræðum er mjög alvarleg. Hún er eiginlega bara á núllpunkti. Mig langar að bæta því við að ef fjármálaráðherra heldur að okkar fólk sé tilbúið til að semja um eitthvað annað en hann er búinn að semja við aðrar stéttir sem eru undir hans stjórn eða ábyrgð, þá kemur það aldrei til greina.“ (visir.is)

## 9. OKTÓBER

### Sungu Maístjörnuna við Stjórnarráðið

Ríkisstjórnarfundur var í Stjórnarráðinu klukkan hálf tíu og þá var Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, forsætisráðherra, afhent yfirlýsing Sjúkraliðafélags Íslands, SFR og Landssambands lögreglumanna þar sem þess er krafist að ríkið semji strax við félögin. Söng fólkið meðal annars Maístjörnuna þegar ráðherrar tíndust inn á fundinn. (mbl.is)

## 12. OKTÓBER

### Stefnir í verkfall eftir tvo daga

Verkfall þúsunda ríkisstafsmanna hefst eftir rétt rúmlega tvo

sólarhringa semjist ekki fyrir þann tíma. Ríkissáttasemjari hefur boðað samningafund á miðvikudag en formaður sjúkraliða er passlega bjartsýnn á að staðan breytist á þeim fundi.

Ekkert hefur miðað áfram í kjaradeilu sjúkraliða, lögreglumanna og SFR við ríkið undanfarið. Boðað verkfall þúsunda ríkisstafsmanna hefst að óbreyttu á miðnætti á miðvikudag. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, segir að hljóðið í sjúkraliðum sé þungt, þeir óttist verkfall þótt þeir vilji berjast fyrir sínum kröfum. Hún kvað fólk hneykslað á því hvernig



Sjúkraliðar bíða þess við Stjórnarráðið að ráðherrar mæti til vinnu sinnar.

sjúkraliðar, SFR og lögreglumenn þyrftu að berjast fyrir sínum kjarabótum. „Skuli þurfa að reyna að brjótast inn í þann ramma sem ríkið er þegar búið að gera við aðra. Þeir tóku við dómi sem þeir þyrftu að framfylgja og síðan eru þeir búnir að semja á sömu nótum við smærri félög,“ segir Kristín vísar til gerðardóms í kjarabaráttu aðildarfélag BHM og hjúkrunarfræðinga.

Ríkissáttasemjari hefur boðað til samningafundar á miðvikudag, skömmu áður en félagar í SFR og Sjúkraliðafélagi Íslands hyggjast grípa til aðgerða. „Sú tímasetning segir mér það að þetta sé kannski fyrst og fremst ríkissáttasemjari að gera skyldu sína að kalla hópinn saman áður en til verkfalls kemur. Hins vegar verður maður að leyfa sér að vera bjartsýnn því orð eru til alls fyrst og að fólk setjist niður og tali saman.“ (ruv.is)

## Saka fjármálaráðherra um lítilsvirðingu

Stjórn Reykjavíkurbildar Sjúkraliðafélags Íslands „lýsir yfir megnustu hneykslun á þeirri lítilsvirðingu sem sjúkraliðum er sýnd af fjármálaráðherra í kjarabaráttu þeirra.“ Þetta kemur fram í ályktun stjórnarinnar sem samþykkt var í dag. Skilaboðin hafi verið að sjúkraliðar skuli ekki fá sambærilegar kjarabætur og aðrar heilbrigðisstéttir.

„Stjórn Reykjavíkurbildar harmar að ráðherrann skuli með þessum hætti ætla að auka enn frekar á þann mismun sem verið hefur á þessum stéttum. Ómerkilegar og tilhæfulausar fullyrðingar um að fá sjúkraliðar samskonar kjarabætur og aðrir, þá muni það leiða til óðaverðbólgu og efnahagshruns eru ekki trúverðugar. Stjórn Reykjavíkurbildar vísar slíkum hrakspám alfarið til föðuhúsanna og minnir á að núverandi ríkisstjórn hefur ítrekað hafnað mögulegum tekjum. Stjórn Reykjavíkurbildar skorar á stjórnvöld að ganga að réttmætum kröfum félagsins strax.“ (mbl.is)

## 14. OKTÓBER

### Sjúkraliðar tilbúnir í aðgerðir

88% sjúkraliða eru tilbúnir til að fylgja kröfum sínum eftir með aðgerðum samkvæmt könnun sem Sjúkraliðafélag Íslands

## hefur gert. Formaður félagsins segir allt stefna í harða kjaradeilu.

Sjúkraliðar hafa ásamt SFR og Landssambandi lögreglumanna verið að kanna hug félagsmanna sinna eftir að samningafundi þeirra við ríkið var slitið í síðustu viku. Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður Sjúkraliðafélags Íslands segir að félagsmenn hennar séu eitilharðir á að halda kröfum sínum á lofti um að fá sambærilega kjarabætur og aðrir hafi fengið. Samið hafi verið um miklar hækkanir við suma þeirra. „Síðan komum við sem eftir erum hjá ríkinu og þá eigum við að taka langt fyrir neðan það sem aðrir hafa fengið. Það eru mínir félagsmenn ekki tilbúnir til að sætta sig við.“

Kristín segir að félagið hafi gert könnun meðal félagsmanna sinna um hvort þeir séu tilbúnir til að fylgja kröfum sínum eftir með aðgerðum. „Þar kemur fram að 88% þeirra sem tóku þátt eru samþykki því að fylgja kröfunum eftir.“

Kristín segir ljóst miðað við síðustu tvo fundi að ríkið ætli ekki að koma til móts við kröfur þeirra og því stefni í harða kjaradeilu. (ruv.is)

## Segir stjórnvöld bera ábyrgð á röskunum

Læknaráð Landspítalans kallar stjórnvöld til ábyrgðar á þeirri röskun sem yfirvofandi kjaradeilur ríkisins og Sjúkraliðafélags Íslands og SFR stéttarfélags í almannapjónustu kunna að hafa á starfsemi sjúkrahússins.

Í ályktun læknaráðsins segir að störf sjúkraliða og starfsmanna í SFR séu mikilvægir hlekkir í þjónustukeðju spítalans. Stjórn læknaráðs Landspítala harmar að enn þurfi að koma til verkfalla.

Jafnframt segir að ljóst sé að boðuð verkföll sjúkraliða og starfsmanna í SFR muni hafa veruleg neikvæð áhrif á úrræði Landspítalans til að sinna þeim er þangað leita. Stjórn læknaráðs hvetur deiluaðila til að ganga nú þegar til samninga svo starfsemi spítalans geti haldið áfram á fullum dampi.

Á Landspítala starfa nú 562 sjúkraliðar. (visir.is)

## 15. OKTÓBER

### Styður lög á verkfall ef þörf krefur

Birgir Jakobsson landlæknir segist í viðtali við fréttastofu styðja lagasetningu ef það er það sem þarf til að binda enda á verkfall SFR og Sjúkraliðafélags Íslands. Hann leggur áherslu á að kjaradeilan verði leyst sem fyrst.

- Eiga stjórnvöld að setja lög á þetta verkfall?

„Sko. Stjórnvöld verða að leysa þetta mál á einhvern hátt. Ég hefði svolitla von í gær, að það væri eitthvað að gerast í þessum málum, en ef það er engin lausn í gangi eða í sjónmáli verður að leysa þetta á einn eða annan hátt.“

- Og þá styður þú lagasetningu?

„Ég styð lagasetningu ef það er það sem þarf.“

- Hvers vegna?

„Vegna þess að það er mitt hlutverk að sjá til þess að heilbrigðisstofnanir tryggja öryggi sjúklinga og gæði þjónustunnar. Og það er ekki verið að gera það með þessum aðgerðum.“

- Hefur þú rætt þetta við forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar?

„Ég hef ekki rætt þetta beint við þá, nei.“

- En er það samngjarnt gagnvart þessu fólki sem er að berjast fyrir þessum kjörum að það séu sett lög á aðgerðir þess?

„Sko. Í þessu sambandi er ég að hugsa um hagsmuni sjúklinga. Ég hef í sjálfu sér enga skoðun á því aðra en að það verður að leysa þeirra vandamál líka. Ég hef fulla samúð með þeirra afstöðu og svo framvegis. Það verður bara að leysa það á annan hátt en með verkföllum.“ (ruv.is)

## Um 30 aðgerðum frestað

Páll Matthíasson forstjóri Landsspítalans segir að verkfall sjúkraliða og SFR hafi víðtæk áhrif á spítalann. Alls hefur þurft að fresta um 30 fyrirhuguðum aðgerðum á spítalanum í dag.

Páll segir að í framtíðinni verði að koma í veg fyrir að verkföll lami starf spítalans svo mánuðum skipti.

„Það hefur gífurleg orka farið í að tryggja öryggi sjúklinga og skipuleggja vinnuna þannig að það öryggi sé tryggt. Við höfum þurft að kalla inn og gera undanþágubeiðnir sem hefur verið vel



Formenn Þríeykisins – Árni Stefán Jónsson, Kristín Á. Guðmundsdóttir og Snorri Magnússon – í mótmælastöðu við Stjórnarráðið.

tekið. Samvinnan hefur gengið vel þar. En afleiðingarnar eru þær að við höfum hætt við meirihluta aðgerða. Dag- og göngudeildir eru reknar á miklu minni afköstum en venjulega. Tölvudeild, símaver og annað slíkt einnig,” segir Páll.

- Er þetta erfiðara vegna þess að enn er verið að vinda ofan af afleiðingum síðasta verkfalls?

„Þetta eru uppsöfnuð áhrif langvarandi verkfalla og áhyggjum fólks af biðlistum sem eru orðnir allt of langir. Í viðbót er þetta verkfall - sérstaklega verkfall SFR - flókið vegna þess að það hefur mikil áhrif í stoðþjónustunni.“

- Þannig að það er aftur byrjað að bæta ofan á biðlista sem ekki var farið að vinda ofan af?

„Það er rétt.“

- Birgir Jakobsson landlæknir hefur sagt að hann vilji að lög verði sett á verkfallið, ef það er það sem þarf til að binda endi á verkfallið. En er Páll sammála þessu?

„Ég verð bara að biðla til deiluaðila að leysa málið. En síðan er það verkefni að skoða hvernig hægt er að koma í veg fyrir það að verkföll lami þjóðarsjúkrahúsið í heilt ár og taki heilt ár úr starfsemi þessum hætti. Og koma kjaradeilum í þann farveg að ekki leiði til verkfalla á okkar þjóðarsjúkrahúsi endurtekið.“ (ruv.is)

## 16. OKTÓBER

### „Sömu kjarabætur og aðrir“

Hundruð félagsmanna SFR stéttarfélags og Sjúkraliðafélags Íslands komu saman við Stjórnarráðið í morgun og kröfðust sambærilegra kjarabóta og aðrir ríkisstarfsmenn. Tveggja daga verkfall félaganna skall á í gær.

Slagorð á borð við „Sömu kjarabætur og aðrir“ mátti sjá á borðum félagsmanna.

Lítið hefur miðað í kjarasamningsviðræðum samninganefnda félaganna en náist ekki samningar er næsta verkfall fyrirhugað á mánudag. (visir.is)

## Deild sjúkraliða á Norðurlandi vestra

# Ráðamenn átti sig á mikilvægi stéttarinnar

Síðustu ár hefur álag á sjúkraliða aukist mjög og valdið m.a. stoðkerfisvandamálum og auknum veikindum. Vaktir eru undirmannaðar, öll rúm full og því alls ekki samræmi á milli mönnunar og hjúkrunarþyngdar. Það þykir því miður sjálf-sagt að sjúkraliðar hlaupi hraðar, en er það sjálf-sagt?

Sjúkraliðar hafa barist fyrir því að laun verði í samræmi við menntun, ábyrgð og álag með litlum árangri. Stéttin er gríðarlega mikilvægur hlekkur í starfsemi heilbrigðis-stofnana og starfið er þrátt fyrir allt ótrúlega gefandi og skemmtilegt.

Ráðamenn þjóðarinnar átta sig ekki á mikilvægi stéttarinnar sem vinnur með fárveikt fólk og ber ábyrgð á velferð þeirra. Sjúkraliðar eins og aðrir þurfa laun sem duga til að lifa mannsæmandi lífi. Ráðamenn þjóðarinnar geta þurft eins og aðrir á þjónustu okkar að halda og eiga að hafa það í huga að ef slík stétt á að vera til þá er ekki nóg að hampa okkur á hátíðar

og tyllidögum og gleyma okkur svo eins og innantómum kosningaloforðum.

Það virðist vera til nóg af peningum í landinu sem sést best á því að ríkisstjórnin hefur afsalað þjóðinni milljörðum í niðurfellingum á sköttum af vildarvinum sínum og eyða hundruðum milljóna í bíla og aðstoðarmenn ráðherra.

Á sama tíma eru sjúkraliðar hýrudregnir, jafnvel fyrir vaktir sem þeir vinna milli verkfalla vegna rangtúlkunar fjármálaráðuneytisins á félagsdómi.

Það er neyðarbrauð fyrir sjúkraliða að vera í verkfalli því við vitum það best hve illa það bitnar á þeim sem sist eiga það skilið. Við erum fullsödd á hvernig traðkað hefur verið á okkur og berjumst eins og við þurfum og virðingarleysinu í okkar garð verður ekki gleymt í næstu kosningum.

*Fyrir hönd Sjúkraliðadeildar Norðurlands vestra, Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir varaformaður*

## Dæmi um að gengið sé í störf sjúkraliða

Verkfallsverðir hafa haft í nægu að snúast frá því að verkfall SFR og sjúkraliða hófst í gær. Nokkuð hefur verið um verkfallsbrot, sem þó eru í fæstum tilvikum alvarleg. Verkfallsbrjótur gætu hins vegar þurft að súpa seiðið af því síðar meir, því tilkynnt mál fara fyrir nefnd þar sem ákvörðun verður tekin um hvort fara eigi með málið lengra.

„Við erum alltaf að fá til okkar einhver tilvik. Við athugum það í kjölfarið en eins og er, þá er ekkert mjög stórt. Það er eitthvað um að stjórnendur ganga í störf undirmanna. Oft er það hugsunarleysi, fólk er ekki að átta sig á því að það er að ganga í störf einhverra og svo hafa aðrir starfsmenn verið fengnir til að taka yfir verkefni þeirra sem eru í verkfalli,“ segir Sólveig Jónsdóttir, upplýsinga-fulltrúi SFR stéttarfélag. „Það getur reynst flókið að fylgjast með þessu. Þetta eru svo margar stofnanir og störfín fjölbreytt. Það er reyndar skýrara með sjúkraliðastéttina, en þeir hafa verið að lenda í því að hjúkrunarfræðingar ganga í þeirra störf.“ (visir.is)

### 17. OKTÓBER

#### Laun skerðast þrátt fyrir fulla vinnu

Laun sjúkraliða skerðast meðan á verkfallsaðgerðum þeirra stendur þó að þeir vinni allar vaktir sem þeir eiga að vinna. Framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands gagnrýnir þetta og segir ekki hægt að hýrudruga fólk sem skili allri sinni vinnu.

Nýlegur dómur Félagsdóms, þar sem ljósmóðir sem vann allar sínar vaktir á verkfallstíma lenti í launaskerðingu, hefur vakið nokkra athygli. Dómurinn taldi rétt að skerða allar ljósmæður jafnt óháð því hversu mikið þær unnu. Önnur vaktavinnustétt, sjúkraliðar, hafa verið í stuttum vinnustöðvunum sem standa næstu vikurnar ef ekki semst.

Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands segir að sams konar skerðing verði þar. „Við höfum gefið það út til sjúkraliða að svona er aðferðin og því miður verður það þannig að sjúkraliðarnir verða skertir þó svo að þeir hafi unnið jafnvel 100% vinnu.“

Tekið skal fram að skerðingin á aðeins við meðan hlé er á aðgerðum - ef sjúkraliðar vinna meðan á vinnustöðvun stendur á grundvelli undanþágubeiðna er greitt fyrir það. Gunnar Örn segir þetta afleiðingu þess að farið sé í stuttar vinnustöðvanir í stað allsherjarverkfalls. Ef aðgerðirnar dragast á langinn verða afleiðingarnar enn verri. „Þá getur fólk eins og sjúkraliðar, sem er að vinna um helgar, á nóttunni og kvöldin verið alveg launalaust þó að það vinni fulla vinnu. Það sér það hver heilvita maður að það er ekki hægt að hýrudruga fólk sem skilar allri sinni vinnu þó að það sé áhugasamt um að berjast fyrir sínum bættu kjörum.“

Gunnar Örn segir að félagið hafi frekar viljað fara í styttri verkföll en allsherjarverkfall til að heilbrigðiskerfið fari ekki eins illa úr þessu. Það hafi þessar afleiðingar. Hann minnir á að þegar sjúkraliðar á hjúkrunarheimilunum fóru í svipaðar aðgerðir var ákveðið að skerða ekki þá sem unnu sína vinnu. „Þannig að ríkið getur alveg brugðist við, og hefur efni á því alveg örugglega.“

Samninganefndir SFR, sjúkraliða og lögreglumanna funduðu með ríkinu hjá ríkissáttasemjara í dag og hefur annar fundur verið boðaður klukkan ellefu í fyrramálið. (ruv.is)

### 18. OKTÓBER

#### Pokast áfram

Næsta verkfallslofa þúsunda ríkisstarfsmanna hófst á

miðnætti en samninganefndir lögreglumanna, sjúkraliða og SFR hafa fundað alla helgina með ríkinu.

Fundi þeirra lauk um kvöldmatarleytið í gær og boðað hefur verið til nýs samningafundar korter yfir eitt í dag, mánudag. (ruv.is)

## 19. OKTÓBER

**„Gömlu fólki er gert afskaplega erfitt fyrir“**

Verkföll á sjötta þúsund ríkisstarfsmanna hafa lamað starfsemi á annað hundrað stofnana í dag. Eldri borgarar hafa lent í erfiðleikum með að fá lyf sín endurnýjuð og skólar verið lokaðir vegna verkfallsaðgerðanna.

Verkföll SFR og sjúkraliða hófust á fimmtudaginn í síðustu viku. Um allsherjarverkfall er að ræða á Landspítalanum, hjá Tollstjóranum, hjá Sýslumannsembættum um allt land og hjá Ríkisskattstjóra. Skemmri verkföll eru síðan hjá starfsmönnum ríflega hundrað og fimmtíu stofnana til viðbótar og hófst önnur lota þeirra á miðnætti og stendur til miðnættis annað kvöld.

„Ég þarf að taka alltaf meðul dags daglega og nú fer mig að vanta inn í og þetta er ekkert létt fyrir mann,“ segir Sigríður Eyjólfsdóttir sem mætti á heilsugæslustöð sína í dag til að fá skrifað upp á lyf. Henni var vísað frá og bent á að fara á Læknavaktina á Smáratorgi. „Gömlu fólki er gert afskaplega erfitt fyrir að þurfa að fara að þvælast upp á Smáratorg. Sko ég bý nú í Grafarvoginum og þetta er ansi langt hjá manni að fara,“ segir Sigríður. (visir.is)

**„Höfum sjaldan séð það verra“**

Alvarleg staða hefur myndast á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi þar sem erfiðlega gengur að koma sjúklingum af bráðamóttöku yfir á aðrar deildir. Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segir ástandið grafalvarlegt.

„Við höfum sjaldan séð það verra. Þetta er það sem við sjáum oft þegar verkföllin eru að byrja, þau ganga ágætlega í fyrstu en síðan fer virkilega að þyngjast. En þetta er með því alversta,“ sagði Páll í fréttum Stöðvar 2 í kvöld.

Hann segir álag á spítalanum um tvöfalt meira en gengur og gerist. Hann hvetur því heilsugæslustöðvar og önnur sjúkrahús til að nýta sér undanþágunefndir Sjúkraliðafélagsins og SFR stéttarfélags.

„Það er mikið álag og það er erfitt að koma fólki héðan, sem gæti í rauninni verið við minni hjúkrun eða þjónustu en við bjóðum upp á hér. Þannig að ég verð að biðla til fólks að koma ekki nema nauðsyn beri til, en alls ekki að sleppa því ef fólk þarf á að halda.“

Þá segir Páll nauðsynlegt að deiluaðilar nái sáttum. „Þetta er orðið ansi þreytandi og í raun þurfa allir að leggjast á eitt svo það verði ekki hættuástand hér. En sem betur fer höfum við mjög öflugt fólk og það leggjast allir á eitt þannig að þetta gengur, en það er mikið álag á starfsfólki.“ (visir.is)

**Hafa lítinn tíma til að veita félagsskap**

Verkfall sjúkraliða veldur miklu álagi í heimahjúkrun og dæmi eru um að ættingjar hafi þurft að sinna vitjunum. Sjúkraliði á undanþágu segist vera á þönnum og þurfa að sleppa mikilvægum hluta starfsins sem er spjalla við fólk og veita því félagsskap.

„Það er óvissa um hvort þeir fá þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda og hvort við getum sinnt þeim,“ segir Kristín Magnhildur Karlsdóttir, sjúkraliði í heimahjúkrun á Egilsstöðum. Hún var ein á vakt í morgun en venjulega er ein og hálf vakt að störfum. „Sem er náttúrulega mjög slæmt því þá þurfum við að klippa einhverstaðar

niður og það er spjallið sem er náttúrulega stór hluti af þessu starfi og það þarf á því að halda,“ segir Kristín. (ruv.is)

**Allt að þrjá daga á bráðamóttöku**

Dæmi eru um að fólk hafi beðið dögum saman inni á sjúkrahúsi á bráðamóttöku Landspítalans þar sem ekki var hægt að flytja það á aðrar deildir. Verkfall sjúkraliða og annarra starfsmanna hefur mikil áhrif á starfsemina.

Þriðji dagur af fjórum í tveimur verkfallshrinum SFR og



Verkfallsmenn og lögreglumenn fjölmenntu við Alþingishúsið til að leggja áherslu á kröfur sínar.

Sjúkraliðafélags Íslands á sex dögum rann upp í dag. Verkfallið hefur haft margvísleg áhrif, líkt og fyrir helgi. Viða er lokað og annars staðar er starfsemin mun minni en venja er til.

Anna Sigrún Baldursdóttir, aðstoðarmaður forstjóra Landspítalans, segir að vandinn á sjúkrahúsinu hafi aukist eftir því sem á verkfall leið. Starfsemi deilda þyngist og erfiðara verður að útskrifa fólk. Þar af leiðandi hefur myndast flöskuháls. Erfiðara er orðið að flytja fólk af bráðamóttöku á sérgreinadeildir þar sem á að sinna fólki í framhaldinu. Dæmi eru um að fólk liggi á sjúkrahúsi á bráðamóttöku í þrjá sólarhringa frá því það kemur á sjúkrahúsið áður en það kemst á aðrar deildir.

Aðgerðum hefur fækkað og dregið hefur úr starfsemi á dag- og göngudeildum. Brýnum og bráðaaðgerðum er sinnt en fyrirfram skipulagðar aðgerðir frestast. (ruv.is)

**Fundi lokið, annar fundur á morgun**

Fundi í kjaradeildu SFR, sjúkraliða og lögreglumanna við ríkið hjá ríkissáttasemjara, var að ljúka en fundurinn hófst klukkan eitt í dag. Nýr fundur hefur verið boðaður klukkan tvö á morgun.

Litlar fréttir er að hafa af gangi mála. Áhrifa verkfallsaðgerða samtakanna gæti víða, ekki síst á Landspítalanum, en einnig víðar í opinberum stofnunum. Félagsmenn samtakanna þriggja hafa boðað kröfugöngu frá Hlemmi að Stjórnarráðinu kl. 9 í fyrramálið til að fylgja eftir kröfum sínum. (ruv.is)

## 20. OKTÓBER

**Krefjast kjarabóta á við aðra**

Sjúkraliðar, lögreglumenn og félagsmenn SFR gengu fylktu liði að Stjórnarráðinu í morgun en gangan var farin frá Hlemmi. Hópurinn hrópaði slagorðin: „Sömu kjarabætur og aðrir

ríkisstafsmenn“ og báru borða með slagorðinu. Fánar voru áberandi, bæði litlir og stórir.

Fundi í kjaradeildu SFR - stéttarfélags í almannajónustu, sjúkraliða og lögreglumanna hjá ríkissáttasemjara, lauk rétt fyrir klukkan tíu í gærkvöld en fundurinn hófst klukkan eitt. Nýr fundur hefur verið boðaður klukkan tvö í dag. Tveggja daga verkfallslotu sjúkraliða og félagsmanna í SFR lýkur á miðnætti.

Náist ekki samningar í dag verða sjúkraliðar á Landsspítala, Heilbrigðisstofnunum Austurlands og Suðurnesja í verkfalli frá klukkan átta til fjögur næstu daga. Ótímabundið verkfall er hjá félagsmönnum SFR hjá sýslumönnum, tollstjórum og á Landsspítala. Dragist samningaviðræður á langinn hefst ný allsherjar tveggja sólarhringa verkfallslotu á fimmtudag í næstu viku. (ruv.is)

## Miðar hægt í viðræðunum

Fundi samninganefnda SFR, sjúkraliða og lögreglumanna með ríkinu hjá ríkissáttasemjara lauk á tíunda tímanum, en fundurinn hófst klukkan tvö.

Árni Stefán Jónsson formaður SFR sagði í samtali við fréttastofuna að fundi loknum að það miðaði í viðræðunum, en hægt. Nýr fundur hefur verið boðaður klukkan 10 í fyrramálið.

Félagar í SFR sem vinna hjá Landspítalanum, sýslumönnum, ríkisskattstjóra og tollstjóranum eru áfram í verkfalli og sjúkraliðar á Landspítalanum og heilbrigðisstofnunum Austurlands og Suðurnesja eru í verkfalli á milli klukkan 8 og 16 fram að helgi. Til frekari aðgerða verður gripið fimmtudaginn 29. október, takist ekki samningar fyrir þann tíma. (ruv.is)

## 21. OKTÓBER

### HSA sökuð um heilsuspillandi óréttlæti

Sjúkraliðar á Austurlandi gagnrýna harðlega aðstæður sínar hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands. Í ályktun sem samþykkt var á félagsfundi í vikunni er fullyrt að HSA beiti þá óréttlæti.

Þeir fá ekki fullt starf, séu þvingaðir í hlutastörf með tilheyrandi



Sjúkraliðar og aðrir verkfallsmenn fóru í samstöðugöngu á Selfossi.

kjaraskerðingu og óhagræði. Þá mótmæla þeir því sem þeir kalla stubbavaktavæðingu. Stubbavaktir eru stuttar vaktir sem spilla deginum fyrir fólki án þess að það fái fullan vinnudag borgaðan. Í ályktun sjúkraliða segir: „Slík vinnubrögð leiða til meira álags, lægri launa, skerðingar lífsgæða, dregur úr samvistum við fjölskyldu og er heilsuspillandi.“

Sjúkraliðar á Austurlandi skora á ríkið að koma í veg fyrir að stofnanir fari „svo illa með starfsmenn sína eins og raun ber vitni,“ segir í ályktuninni.

Þá skora þeir á fjármálaráðherra að semja strax við sjúkraliða og tryggja þeim öruggt starfsumhverfi. (ruv.is)

## Óánægja með að fá vinnu ekki greidda

Stjórnendur Landspítalans héldu fund með Sjúkraliðafélaginu í morgun vegna mikillar óánægju þeirra með að vaktir sem unnar eru utan verkfallstíma fáist mögulega ekki greiddar. Búið er við að samningafundur í kjaradeilu SFR, sjúkraliða og lögreglumanna við ríkið standi í allan dag.

# Tekið undir með Sjúkraliðafélagi Íslands á Alþingi

Á Alþingi í dag hvatti ég ríkisstjórnina til að ganga til samninga þegar í stað á forsendum sem nægðu til að leysa yfirstandandi kjaradeilu þriggja aðildarféлага BSRB sem nú standa í verkfallsátökum: SFR, Sjúkraliðafélags Íslands og Landssambands lögreglumanna.

Tilfni þess að ég kvaddi mér hljóðs voru varnaðarorð Birnu Ólafsdóttur, starfsmanns SLFÍ, í fjölmiðlum um hversu alvarlegt ástandið væri orðið á sjúkrahúsum, einkum á Landspítalanum þar sem álagið væri löngu orðið óbærilegt vegna mannfækkunar, minna legurýmis, sem þýddi að jafnaði veikara fólki í legurýmum, nokkuð sem gefur auga leið að gerist þegar veikasta fólkinu er forgangsraðað inn í sífellt takmarkaðra rými. Þetta aukna álag væri þess síðan valdandi að starfsfólkið væri veikara fyrir í orðsins fyllstu merkingu.

Birna Ólafsdóttir á að baki þrjátíu ára reynslu úr kjarabaráttu.

Hún segir að í þeim verkfallsátökum sem nú standa yfir, hafi birst sér nýr og ógnvænlegur veruleiki. Í verkföllum fyrr á tíð hafi verið gefnar undanþágur til vinnu til að tryggja lágmarksöryggi. Nú væri hins vegar unnið við lágmarksöryggiskröfur á degi hverjum án þess að til verkfalls kæmi!

Þannig væri það á ýmsum deildum Landspítalans að þegar einn starfsmann vantaði á vakt þá væri heilsu og líðan sjúklinga ógnað.

Þessi reynslumikla starfskona sjúkraliða segir að stjórnvöld verði að horfast í augu við þennan veruleika.

Ég sagði í niðurlagi míns máls í dag að ég tæki undir orð Birnu Ólafsdóttur enda yrði að taka varnaðarorð Sjúkraliðafélagsins alvarlega á Alþingi bæði til lausnar yfirstandandi deilu en jafnframt yrði að horfa til komandi fjárlagagerðar til að forða okkur út úr því ófremdarástandi sem hefði skapast í heilbrigðiskerfinu.

(Ögmundur Jónasson á vefsíðu sinni [ogmundur.is](http://ogmundur.is))

Þó að tveggja sólarhringa allsherjavnustöðvun SFR og sjúkraliða hafi lokið á miðnætti, standa verkföll enn. Meðal annars eru sjúkraliðar á Landspítalanum, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Heilbrigðisstofnun Austurlands í verkfalli frá átta til sextán alla virka daga þangað til næsta ótímabundna vinnustöðvun er boðuð, á fimmtudaginn eftir viku - eða þangað til semst.

Ástandið er enn viðráðanlegt á Landspítalanum, en þó þungt. Sömu sögu er að segja hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Þar er þjónusta í heimahjúkrun og á legudeild verulega skert en ástandið er þó þolanlegt.

Mikill kurr er í sjúkraliðum vegna þess að vaktir sem unnar eru meðan á verkfallsaðgerðum stendur verða mögulega ekki greiddar, eins og RÚV hefur fjallað um. Í umræðuhópum á samfélagsmiðlum hefur verið spurt reglulega að því hvort þessa vaktir verði virkilega unnar í sjálfböðavinnu, og þá hvort ástæða sé til að vinna þessar vaktir. Stjórnendur Landspítalans héldu fund með sjúkraliðafélaginu vegna málsins í morgun en fréttastofa hefur ekki fengið upplýsingar um niðurstöðu þess fundar. (ruv.is)

## Mjög skert starfsemi á HSS

Allt að áttatíu prósentu samdráttur er á starfsemi deilda hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja vegna verkfalls sjúkraliða. Leita hefur þurft á náðir ættingja til að sinna fólki í heimahjúkrun.

Sjúkraliðar eru nú í verkfalli frá átta til fjögur alla virka daga á þremur sjúkrastofnunum, þar á meðal Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Áhrifin af verkfallinu þar eru mikil, að sögn Þórunnar Benediktsdóttir framkvæmdastjóra hjúkrunar.

„Starfsemin hefur dregist verulega saman. Ætli það megi ekki segja frá 40 upp í 80% samdráttur.“

Áhrifin eru mest á sólarhringsdeildum og heimahjúkrun, þar sem þurft hefur að leita til ættingja eftir aðstoð. Þórunn hefur áhyggjur af sjúkradeildinni sem á að sinna þeim sem koma af slysa- og bráðamóttöku sjúkráhusins. „Og eins að taka á móti sjúklingum frá Landspítalanum sem við gátum ekki sinnt þegar þeir eru tilbúnir til að koma til baka. Og þarna er að byrja að myndast flöskuháls.“ (ruv.is)

## 22. OKTÓBER

### Hagræddu með því að skerða kjör sjúkraliða

„Fólk þarf að koma oftar í vinnuna með þessum stuttu vöktum. Í staðinn fyrir átta tíma vaktir þurfum við að koma oft og það hefur áhrif á tíma með fjölskyldunni. Við viljum hærri laun og bara fulla vinnu,“ segir Stefanía Stefánsdóttir, formaður Austurlandsdeildar Sjúkraliðafélags Íslands.

Sjúkraliðar, sem eru í verkfalli, eru ekki aðeins óánægðir með launin sín heldur segja þeir að kjörin hafi verið skert með vaktabreytingum. Sjúkraliðar á Austurlandi fá ekki að vinna fullan vinnudag, þurfa að mæta oftar til vinnu og fá færri frídaga. „Við fengum uppsagnarbréf á vaktafyrirkomulaginu eins og við þekkjum það, 8 tíma vöktum þannig að þau geti stytta vaktirnar okkar í 4 tíma, 6, tíma eða 7,5 tíma. Þannig að við erum að vinna svona stubbavaktir,“ segir Stefanía.

Við breytinguna dró úr álagsgreiðslum og þó að hún hafi hækkað starfshlutfall sitt úr 70% í 80% hækkuðu launin ekki til samræmis við aukin vinnuframlag. Stubbavaktirnar voru liður í hagræðingu og að jafna þjónustustig milli staða eins og RÚV hefur fjallað um sérstaklega. Þær eru sniðnar að þörfum vinnuveitandans en valda starfsfólki óþægindum. Rétt er að benda á að Heilbrigðisstofnun

Austurlands er ekki eina stofnunin sem greip til þessa ráðs í hagræðingarskyni.

Ovenju lítið verður í launaumslagi sjúkraliða um næstu mánaðamót vegna verkfallsins og Stefanía segir að óvissan um launin fari illa í fólk. „Ég held að það megi bara enginn við því að missa sín laun. Hvorki sjúkraliðar né aðrir í þjóðfélaginu. Þetta er fórnarkostaður við að berjast fyrir hærri launum,“ segir Stefanía.

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ, segir að verkfallsaðgerðir sjúkraliða utan höfuðborgarsvæðisins beinist nú sérstaklega að Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja vegna þess að þær hafi komið illa fram við sjúkraliða. Hann tekur þó fram að stubbavaktir hafi verið tíoðkaðar víðar.

„Það er eins og einhverjir fjármálaspekingar hafi fundið það út að það mætti spara með því að taka stétt og dreifa henni á svona vaktir þar sem er mikið að gera og láta þær hlaupa í fjóra eða fimm tíma eins hratt og þær geta fyrir lítil og léleg laun,“ segir Gunnar.

Sjúkraliðafélagið hafi reiknað út í samvinnu við HSA að



Forsætisráðherra tekur við yfirlýsingu frá formönnum Prieykisins.

breytingarnar þar geti kostað sjúkraliða heil mánaðarlaun á ársgrundvelli. „Þetta er bara aðferð ríkisvaldsins til að spara pening en um leið gengur þetta svo nærri okkar fólki að það er meira og minna í veikindum. Við erum núna með sameiginlega kröfu; við, lögreglumenn og SFR um að það verði fundin leið til að koma í veg fyrir þetta í nýjum kjarasamningi,“ segir Gunnar. Þetta vandamál hafi reyndar legið fyrir við gerð síðustu samninga og þá hafi orðið samkomulag um að bregðast við þessu. „Hafa samband við forstöðumenn stofnana með vinalegu bréfi. Það hafði engin áhrif. Það bara versnaði.“ (ruv.is)

## Skurðaðgerðum fækkaði um 60

Verkfall SFR og sjúkraliða er byrjað að bitna á starfsemi Landspítalans. Í síðustu viku fækkaði skurðaðgerðum um 60 og komum á dag- og göngudeildir fækkaði um 300 til 400 miðað við sömu viku í fyrra. Verkfall SFR stóð þó aðeins í þrjá sólarhringa og vinnustöðvun sjúkraliða í tvo.

Það á ekki af Landspítalanum að ganga því verkföllin nú eru í raun þriðja eða fjórða verfallsbylgjan sem skellur á stofnunni innan eins árs.

Læknar lögðu niður vinnu í fyrrahaust og í vor fóru hjúkrunarfræðingar í verkfall og sömuleiðis geislafræðingar og lífeindafræðingar sem eru innan vébanda BHM. Spítalinn er lemstraður eftir þessi verkföll. Biðtími eftir aðgerðum segir sína sögu. Í október í fyrra höfðu rétt rúmlega 900 beðið lengur en í þrjá mánuði eftir skurðaðgerð á augasteini. Þessum mánuði telur biðlistinn tæplega 1400 sjúklinga. Biðlistinn eftir gervilimaaðgerðum á hné hefur lengst úr um 350 í tæplega 480.

Verkfall SFR á Landspítalanum er ótímabundið og hefur staðið frá því á fimmtudag í síðustu viku. Sjúkraliðar leggja niður vinnu tvo



# Mamma manneskjumenni

Í fjörutíu ár hefur mamma mín farið í vinnuna á kvöldin og á nóttinni. Um helgar og á páskunum. Á afmælinu mínu og þegar það er opið hús í skólanum. Við höfum haldið jól á öllum tímum og stundum fengið okkur snarl á miðnætti. Þegar mamma kemur heim úr vinnunni.

Í vinnunni hjálpar hún alls konar fólki. Sem er veikt og hrætt. Ráðherrum og kennurum. Ógæfufólki og óperusöngvurum. Hún hjálpar þeim í föt og á klósettið. Að borða og þvo sér. Hlustar á áhyggjur þeirra. Klappar á öxlina og gerir grín til að létta lundina. Hún hughreystir áhyggjufulla aðstandendur. Segist ætla að hugsa vel um fólkið þeirra. Og hún breiðir yfir þá sem tapa baráttunni.

Sjúkraliðar eru með þeim lægst settu í heilbrigðiskerfinu þegar kemur að launakjörum. Og virðingu. Spyrjið síðan þá sem hafa legið lengi á spítala. Hvaða starfsmenn snertu hjarta þeirra? Lét þeim líða eins og manneskjum þegar það var erfitt að muna það sjálfur?

Vissuð þið að sjúkraliðastarfið er það starf sem þykir einna ólíklegast til að verða sjálfvirk og unnið af vélmennum í framtíðinni? Það er af því að tölvur geta ekki sýnt hluttekningu. Eru ekki mannlegar. Með aukinni tölvuvæðingu getur verið að sjúkraliðastarfið verði æðislega smart og eftirsótt. Og þá mun koma í ljós að þetta starf er svo sannarlega ekki á allra færi.

En sú viðurkenning er fjarri lagi í dag. Þess vegna þurfa sjúkraliðar enn einu sinni að beita hörðu og stefna á verkfall í október. Og ég sem hef bölvað spítalanum fyrir að láta mömmu vinna of mikið á yfirfullum deildum, verið abbó út í sjúklinga þegar mig langar að hafa hana hjá mér og hringt milljón sinnum á deildina til að heyra aðeins í henni röddina – styð þessa manneskjústétt af öllu hjarta.

Því þegar ég verð lasin á spítala vil ég hafa mömmu hjá mér.

(ERLA BJÖRG GUNNARSDÓTTIR, BAKÞANKAR  
FRÉTTABLAÐSINS)

sólarhringa í senn en þess á milli frá 8 til fjögur á daginn. Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, segir að verkföllin nú séu harkaleg í ljósi þess að þau koma í kjölfar hinna.

„Þetta er að mörgu leyti flóknara verkfall. Einfaldlega vegna þess að það er meiri skörun á störfum og ekki eins skýrar línur að öllu leyti,“ segir Sigríður.

Verkfall SFR er á áttunda degi og ef ekki semst skellur á allsherjarverkfall bæði SFR og sjúkraliða 15. nóvember. Sigríður segir að röðurinn þyngist með hverjum degi.

„Við höfum nálgast þetta þannig að við reynum að standa vörð um bráðþjónustuna. Sinna þeim sem eru veikastir. Og allt sem er fyrir fram skipulagt bíður. Það getur hins vegar ekki beðið endalaust. Fólki, sem er á biðlistum, hrakar og þá getur ástand þeirra orðið brátt. Öll töl gerir ástandið flóknara og erfiðara,“ segir Sigríður Gunnarsdóttir. (ruv.is)

## Skerðing kosti sjúkraliða ein mánaðarlaun

Verkfallsaðgerðir sjúkraliða utan Reykjavíkur beinast nú sérstaklega að Austurlandi og Suðurnesjum. Heilbrigðisstofnanir þar hafa gengið hvað lengst í því að skerða kjör með styttri vöktum og minni álagsgreiðslum.

Einu sjúkraliðarnir sem nú eru í verkfalli hefðu átt að vera á dagvöktum á Landspítalanum, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Sérstök ástæða er fyrir aðgerðum á Austurlandi og Suðurnesjum. „Það kemur til vegna þess að Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilbrigðisstofnunin á Suðurnesjum hafa markvisst verða að brytja vinnuna niður í stubbavaktir þar sem þeim er gert að hlaupa og vinna hratt fyrir lítið kaup því það eru einhverjir Excel-menn höldum við sem fundu það upp að þetta sparði en þegar upp er staðið þá gerir það það náttúrulega ekki,“ segir Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands.

„Á Suðurnesjum var starfshlutfall lækkað til að koma í veg fyrir uppsagnir. Það þekkja nú allir atvinnuástandi þar. Þar var hópurinn kallaður til á skyndifund og sagt ef þið lækkið ykkur ekki niður um 10-20% þá munu vinkonur ykkar hér sem eru jafnvel einstæðar mæður missa vinnuna. Þið þekkið öll hvernig

fólk bregst við svona. Þetta er bara kjaraskerðing og fólk sem var jafnvel í 100% vinnu þurfti að fara í 80% og það lifir enginn af því. Allavega ekki á sjúkraliðalaunum,“ segir Gunnar.

Markmiðin með breytingum á Austurlandi voru að hagræða og jafna þjónustustig milli staða. Ein þeirra sem hefur fundið áhrifin á eigin skinni er Stefanía Stefánsdóttir sem starfar á sjúkradeild á Seyðisfirði. Hennar vaktir voru styttrar, ekki síst vaktir sem gáfu álag á kvöldin. Hún jók starfshlutfallið sitt úr 70% í 80% en það skilaði henni nær engri launahækkun. „Við þurfum að koma oftar í hús og þar af leiðandi er minni tími með fjölskyldunni okkar. Næturvaktir og kvöldvaktir og ég er að fá svona 230-240 þúsund útborgað á mánuði. Fyrst og fremst var þetta launaskerðing,“ segir Stefanía sem er formaður Austurlandsdeildar Sjúkraliðafélags Íslands.

Gunnar segir að útreikningar sem hann og fjármálastjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands gerðu hafi sýnt fram á mikla skerðingu. „Ég tók sjúkraliða á Austurlandi og reiknaði hann út ásamt fjármálastjóranum. Það var búið að segja henni að þetta kostaði hana lítið sem ekki neitt að breyta vöktunum hennar. Það kostaði hana mánaðarkaup á ársgrundvelli,“ segir Gunnar. (ruv.is)

## 24. OKTÓBER

### Fundað að nýju í fyrramálið

Samningafundir sjúkraliða, lögreglumanna og félagsmanna SFR með samninganefnd ríkisins stóðu í fjóra tíma í húsi ríkisráttasemjara í dag. Boðað hefur verið til nýs fundar klukkan tíu í fyrramálið.

Afar mikið álag er á Landspítalanum vegna verkfallsins. Þá fengu ráðamenn spítalans veður af því að einhverjir sjúkraliðar hygðust tilkynna veikindi um helgina. Sjúkraliðafélaginu var sent erindi og á vef sínum bendir það félagsmönnum á að fara að lögum.

Um hundrað manns úr hópi sjúkraliða, lögreglumanna og félagsmanna SFR mótmæltu við Laugardalshöll síðdegis þegar fjármálaráðherra kom þangað til landsfundar Sjálfstæðisflokksins. (ruv.is)

### Fundað í nær 11 tíma

Samningafundum sjúkraliða, lögreglumanna og félagsmanna

**SFR með samninganefnd ríkisins, sem hófust klukkan tíu í morgun, lauk laust fyrir klukkan níu í kvöld.**

Samninganefndirnar ætla að hittast aftur klukkan 11 í fyrramálið. (ruv.is)

## Búnir að fá sig fullsadda

„Síðustu ár hefur álag á sjúkraliða aukist mjög og valdið m.a. stoðkerfisvandamálum og auknum veikindum. Vaktir eru undirmannaðar, öll rúm full og því alls ekki samræmi á milli mönnunar og hjúkrunarþyngdar. Það þykir því miður sjálfsagt að sjúkraliðar hlaupi hraðar, en er það sjálfsagt?“

Þannig hefst tilkynning frá Sjúkraliðadeild Norðurlandsdeildar vestra þar sem einnig segir að sjúkraliðar hafi barist fyrir því að laun verði í samræmi við menntun, ábyrgð og álag, með litlum árangri. Stéttin sé gríðarlega mikilvægur hlekkur í starfsemi heilbrigðisstofnana og starfið sé þrátt fyrir allt ótrúlega gefandi og skemmtilegt.

„Ráðamenn þjóðarinnar átta sig ekki á mikilvægi stéttarinnar sem vinnur með fárveikt fólk og ber ábyrgð á velferð þeirra. Sjúkraliðar eins og aðrir þurfa laun sem duga til að lifa mannsæm- andi lífi. Ráðamenn þjóðarinnar geta þurft eins og aðrir á þjónustu okkar að halda og eiga að hafa það í huga að ef slík stétt á að vera til þá er ekki nóg að hampa okkur á hátiðar og tyllidögum og gleyma okkur svo eins og innantómum kosningaloförðum. Það virðist vera til nóg af peningum í landinu sem sést best á því að ríkisstjórnin hefur afsalað þjóðinni milljörðum í niðurfellingum á sköttum af vildarvinum sínum og eyða hundruðum milljóna í bíla og aðstoðarmenn ráðherra,“ segir í tilkynningunni.

Þar segir einnig að á sama tíma séu sjúkraliðar hýrudregnir, jafnvel fyrir vaktir sem þeir vinna milli verkfalla vegna rangtúlku- nar fjármálaráðuneytisins í félagsdómi.

„Það er neyðarbrauð fyrir sjúkraliða að vera í verkfalli því við vitum það best hve illa það bitnar á þeim sem síst eiga það skilið. Við erum fullsödd á hvernig traðkað hefur verið á okkur og berjumst eins og við þurfum og virðingarleysinu í okkar garð verður ekki gleymt í næstu kosningum.“ (mbl.is)

## 25. OKTÓBER

### Launaramminn tilbúinn

**Samningafundi sjúkraliða, lögreglumanna og félagsmanna SFR með samninganefnd ríkisins, var fram haldið í húsakynnum Ríkissáttasemjara í morgun. Samningafundur stóðu yfir í ellefu klukkutíma í gær.**

Pokkalegur gangur er í kjaraviðræðunum. Rammi launa- hækkana liggur fyrir en eftir er að ákveða hvernig hækkunar- dreifist yfir samningstímann.

Ekki fæst uppgæfið hvort hækkunarinnar séu í samræmi við upp- haflegar kröfur félaganna sem vildu sömu kjarabætur og aðrir ríkisstarfsmenn. (ruv.is)

## Hjálpa fólki aftur út í þjóðfélagið

**Verkfallsjúkraliða á Landspítalanum og Heilbrigðisstofnunum Austurlands og Suðurnesja hófst klukkan 8 í morgun. Verkfallið stendur til klukkan 16 í dag. Ef ekki næst að semja verður verkfall á sama tíma á morgun og miðvikudag.**

Heiðbrá Guðmundsdóttir, aðaltrúnaðarmaður Sjúkraliðafélags Íslands á Landspítalanum við Hringbraut, segir álagið þar mikið en hún starfar á sjúkrahúsinu í dag á undanþágu. Aðspurð hvert sé helsta hlutverk sjúkraliða á Landspítalanum segir Heiðbrá það

vera umönnun. „Við sinnum ýmsum störfum og sjúkraliðastarfið er mjög gefandi starf. Það er mikið sem við gerum, meðal annars það að koma fólki á fætur og hjálpa því að komast aftur út í þjóð- félagið,“ segir Heiðbrá og bætir við að sjúkraliðar séu einnig í miklum samskiptum við hjúkrunarfræðinga og lækna. Þeirra starf snúi þó helst að sjúklingunum sjálfum.

Um 400 sjúkraliðar starfa á Landspítalanum og hefur fjöldi



Undanþágunefnd Sjúkraliðafélagsins var stöðugt að störfum í verkfallinu.

undanþága verið veittur. Heiðbrá segir þó álagið mjög mikið. „Það er held ég mjög mikið álag á öllum deildum. Það er mjög mikið af veiku fólki en mun færri sjúklingar en eiga að vera því fjölmörgum aðgerðum hefur verið frestað.“ (mbl.is)

## 26. OKTÓBER

### Sjúkraliðar í verkfalli á 3 stofnunum

**Klukkan átta hófst verkfall sjúkraliða á Landspítalanum og Heilbrigðisstofnunum Austurlands og Suðurnesja. Formaður Sjúkraliðafélags Íslands segir að það miði í viðræðum.**

Samningafundur stóð frá klukkan eitt í gær fram undir miðnætti. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, segir stöðuna svipaða og hún hefur verið undanfarna daga. Það miði áfram á meðan fólk talar saman. Í gær hafi verið farið yfir mál sem verið hafa á borðinu undanfarna daga, en síðan séu ýmis mál sem algjörlega á eftir að ræða um. „Það er búið að vera að ræða um launa- liðinn. Síðan er náttúrulega verið að skoða bókanir og fleira sem fylgir samningi og þannig vorum við að vinna í gær“ segir Kristín.

Hún segir engar sérstakar hindranir í veginum, en skoðanir séu skiptar. Núna klukkan átta hófst verkfall á Landspítalanum, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Heilbrigðisstofnun Austurlands og stendur það til klukkan fjögur og það sama verður uppi á ten- ingnum á morgun og miðvikudag, semjast ekki. „Það eru þessi sjúkrahús sem eru tekin út fyrir sviga með meiri áherslu heldur en hin eins og hefur verið rætt um frá upphafi. Þar er horft til þess að Landspítalinn er sjúkrahús allra landsmanna og þar er þunginn. Síðan erum við með til áherslu þessi tvö sjúkrahús sem að hafa sýnt ótrúlegt ábyrgðarleysi gagnvart starfsmönnum sínum með tilliti til vinnutímans sem þar er unninn.“

Kristín segir að undanþágunefnd félagsins hafi unnið vel fram í tímamann, en hún býst við að fleiri undanþágubeiðnir berist nú í morgunsárið. Hún segir fjölda undanþága hafa verið veittar. Samninganefndir sjúkraliða, lögreglumanna og SFR hitta sam- ninganefnd ríkisins hjá ríkissáttasemjara klukkan eitt í dag. Kristín á von á því að fundur verði langur. „Ég á alveg von á því. Það verði haldið rösklega áfram“, segir Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður Sjúkraliðafélags Íslands. (ruv.is)

## 27. OKTÓBER

### Enn ósamið við sjúkraliða, lögreglu og SFR

Samningafundi SFR, sjúkraliða og lögreglu með samninganefnd ríkisins lauk í Karphúsinu um klukkan hálfþrjú í nótt, án þess að niðurstaða fengist. Þá höfðu samningsaðilar setið á fundi frá klukkan þrettán síðdegis. Sjúkraliðar á þremur heilbrigðisstofnunum hefja verkfall kl. 8.00.

Mánudagurinn var þrettándi dagurinn í röð sem samninganefndirnar hittast hjá ríkissáttasemjara. (ruv.is)

### Brýnt að samningar náist

Samningafundur SFR, sjúkraliða og lögreglumanna við ríkið hefur staðið óslitið frá því klukkan níu í morgun.

Á samningafólki er að heyra að afar brýnt sé að samningar takist í kvöld eða nótt. Í fyrramálið hefst þing BSRB og stór hluti samninganefnda félaganna þriggja mætir á þingið og samningaviðræður standa tæplega á meðan. Þingið stendur fram á föstudag.

Á fimmtudag og föstudag eru boðaðar harðari aðgerðir en hingað til, en þá er boðað verkfall allra félagsmanna í SFR og Sjúkraliðafélaginu, hafi ekki samist. Þetta tvennt, verkfall og BSRB þing knýr á um að frá samningum verði gengið fyrir morgundaginn. Ofan í kaupið er þetta orðin mjög löng samningalota og langir fundir síðustu sólarhringa, og samningamenn orðnir slæptir. (ruv.is)

## 28. OKTÓBER

### Verkföllum aflýst - búið að semja

Kjarasamningar á milli ríkisins og SFR, Sjúkraliðafélags Íslands og Landssambands lögreglumanna voru undirritaðir á fimmta tímanum og verkföllum því aflýst. Næstu skref er að kynna nýjan samning fyrir stéttarfélagunum sem stóðu að samningunum en þeir gilda til mars 2019.

Samningarnir eru sambærilegir við þá sem gerðir hafa verið að undanförmu og eru í takt við niðurstöður gerðadóms varðandi hjúkrunarfræðinga og þá samninga sem ríkið hefur gert við aðra ríkisstarfsmenn.

Samninganefndir félaganna voru orðnar frekar framlágar, en fóru heim ánægðar með vel unnin störf, segir á vef Sjúkraliðafélags Íslands.

Í tilkynningu frá BSRB kemur fram að í nótt samþykktu SFR, SLFÍ og LL, þrjú fjölmennustu aðildarfélög BSRB sem semja við ríkið, nýja kjarasamninga eftir tveggja vikna samfellda samningalotu.



Hressir sjúkraliðar fyrir framan Stjórnarráðið.



Formenn Þríeykisins kynna stöðuna í samningamálunum.

Allsherjarverkfalli SFR og SLFÍ sem hefjast átti á miðnætti í kvöld hefur verið frestað. (mbl.is)

### Frestuðu 120 skurðaðgerðum

120 skurðaðgerðum var frestað á Landspítalanum á fyrstu tíu dögum sem verkfall SFR og Sjúkraliðafélags Íslands stóð. Aðeins bráða- eða mjög brýnum aðgerðum var sinnt meðan á verkfallinu stóð.

Komum á dag- og göngudeildir fækkaði um 1.300 meðan á verkfallinu stóð, miðað við sama tímabil í fyrra. Verkfall hófst 15. október en það náði alls til 1100 sjúkraliða. Kjaradeilu sjúkraliða, SFR og lögreglumanna við ríkið lauk þegar kjarasamningar voru undirritaðir klukkan fimm í morgun. (ruv.is)

### Óumbeðnum stubbavöktum sjúkraliða útrýmt

Í nýjum kjarasamning sjúkraliða var gerð sérstök bókun sem á að útrýma óumbeðnum stubbavöktum. Þær hafa skapaunað mjög sjúkraliðum á Suðurnesjum, Austurlandi og víðar.

Sjúkraliðar víða um land hafa mótmælt vaktabreytingum sem fela í sér fleiri og styttri vaktir. Í nýja samninginn náðist sérstök bókun um stýrihóp sem á að ljúka úttekt á málinu fyrir 1. apríl á næsta ári. Ekki var farin sú leið að breyta ákvæði kjarasamningsins um lengd vakta.

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands, segir að svigrúm til að stytta vaktir niður í allt að fjóra tíma hafi verið sett inn í kjarasamning á sínum tíma til að gera þeim sem vildu hlutastarf mögulegt að vinna stuttan vinnudag og geta sinnt heimili og fjölskyldu. „En það gerist síðan í kjölfarið á kreppunni eins og við höfum margsagt að stofnanir fara að misnota þetta til þess að dreifa fólki á stubbavaktir út um allt,“ segir Gunnar.

Hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands hafi þetta snúist upp í andhverfu sína þar sem sjúkraliðar hafi aðeins fengið að vinna sjö og hálfan tíma en ekki fulla átta. Fyrir vikið hafi þeir safnað upp vinnuskuld og hafi hvenær sem er getað átt von á að vera kallaðir í vinnu til að borga vinnuskuldina.

Í kjarasamningabókuninni er allt að þremur milljónum lofað til að bæta stofnunum kostnað við að útrýma óumbeðnum stubbavöktum á árunum 2016 og 2017. Gunnar segir að þó að það séu litlir peningar hafi komið í ljós á Landspítalanum að lítið þurfi til. „Þar kemur í ljós að þetta hefur töluvert lítil kostnaðaráhrif fyrir stofnunina að fara almennilega með fólki sitt,“ segir Gunnar. (ruv.is)

# Hlustaðu og reyndu að skilja sjúklínginn

- kenningar Peplau um meðferðarsambandið

Í ritgerð þessari valdi ég að skrifa um Hildegard Peplau, ameríska hjúkr-unarkonu sem var sú fyrsta, fyrir utan Florence Nightingale, til að fá kenningar sínar birtar opinberlega. Ástæðan fyrir því er sú að þegar ég fyrst heyrði um kenningar hennar um meðferðarsambandið fannst mér þær höfða sterkt til mín. Mér hefur alltaf fundist mikilvægt að ná góðu sambandi við skjólstæðinga mína. Í þessum kenningum fengu tilfinningar mínar og skoðanir fræðilegan bakgrunn.

Ég ætla því hér að segja lítillega frá aðstæðum í uppvexti hennar og námi, og fjalla um kenningar hennar um meðferðarsambandið og reyna að tengja þær inn í okkar tíma.

## Æska og uppeldi

Hildegard Elizabeth Peplau fæddist 1. september 1909 í bænum Reading í Pennsylvaníu. Foreldrar hennar voru innflytjendur af þýskum uppruna. Hún var önnur í röðinni af sex systkinum. Faðir hennar, Gustav, var slökkviliðsmaður við járnbrautirnar, hann var ólæs fram eftir aldri. Móðirin, Otyllie, var heimavinnandi að mestu og agaði börnin með harðri hendi. Á þessum tímum voru líkamlegar refsingar ekki óalgengar, bæði á heimilum verkafólks og í skólum. Börnin áttu að læra það sem fyrir þeim var haft, en ekki spyrja neinna spurninga varðandi það.

Þetta var erfitt fyrir Hildu eins og hún var kölluð, hún var forvitið barn með áhuga á öllu í kringum sig. Endalaugar spurningar hennar og forvitni um alla hluti áttu ekki upp á pallborðið hjá foreldrum hennar. Þau voru hrædd um að hún og Walter bróðir hennar, sem var líkur Hildu að þessu leyti, myndu lenda í vandræðum og kalla smán yfir fjölskylduna.

Hilda og systkini hennar voru vel gefin



Jakóbína Rut Daniélsdóttir samdi þessa ritgerð í framhaldsnámi sjúkraliða í öldrunarhjúkrun við Fjölbrautaskólann við Ármúla. Kennari hennar var Guðrún Dóra Guðmannsdóttir.

og þegar Gustav vildi að börnin færu að vinna um leið og þau höfðu aldur til var Otyllie ósammála. Þau skyldu ljúka framhaldsskóla og fara síðan að vinna. Æðri menntun kom aldrei til tals.

Þrátt fyrir enga hvatningu til frekara náms hafði Hilda sterkan vilja, hvöt og hugsjón til að vaxa upp úr venjulegum kvennahlutverkum. Að framhaldsskólanámi loknu átti hún sér aðeins eitt markmið; að komast burt frá Reading. Hún þekkti systur sem höfðu lært

*Hæfileikinn til að mynda meðferðarsamband við sjúklinga er ein mikilvægasta færni sem hjúkrunarfólk getur þróað með sér*



Hildegard Peplau frumkvöðull í geðhjúkrun.

hjúkrun í New York og leit mikið upp til þeirra. Hún vildi feta í fótspor þeirra og hóf að kynna sér hvar hjúkrunarnám væri í boði. Hún vildi sækja um í hjúkrunarnám við sjúkrahús, það hvarflaði ekki að henni að hún ætti möguleika á að komast inn í háskólanám. Móðir hennar hafði engan skilning á þessum áhuga hennar og fannst það með ólíkindum að hún hefði áhuga á að þrifa annarra manna skít. Hún mátti ekki til þess hugsa að Hilda færi til hættulegrar og skítugrar stórborgar. Málamiðlunin varð að Hilda sótti um og fékk inngöngu í hjúkrunarnám við Pottstown sjúkrahúsið. Hún komst því frá Reading, þótt það væri aðeins tuttugu mílur til Pottstown.

## Námsferillinn

Hilda var 19 ára þegar hún hóf hjúkrunarnámið árið 1928. Það voru fáar

hjúkrunarkonur í vinnu á spítölum á þessum tíma. Nemarnir voru mikilvægur starfskraftur og vinnudagarnir voru langir og erfiðir. Kennslan var ekki það mikilvægasta, heldur störfin sem þurfti að vinna á spítalanum. Námið fólst í tveggja ára erfiðri vinnu og á þriðja ári starf undir leiðsögn. Nemarnir unnu fyrir fæði og húsnæði og fengu á fyrsta ári 5 dollara á mánuði í vasapening. Á öðru ári fengu þær 10 dollara en á því þriðja voru þær settar yfir einingu, til dæmis deild, eldhús eða skurðstofu og fengu laun, 20 dollara á mánuði. Hilda var sett yfir skurðstofuna, en þá var kreppan mikla í algleymingi og þurfti hún að vinna án endurgjalds þetta lokaár.

Áhersla var lögð á persónuleika og innri aga. Flestir læknar töldu hjúkrunarnemana ekki færa um að tileinka sér flókið námsefni, aðeins grunnatriði í líffæra- og lífeðlisfræði. Kennslustundirnar fóru fram síðdegis, en þá voru nemarnir þreyttir eftir að hafa unnið á deildum allan daginn. Læknarnir héldu fyrirlestra, nemarnir hlustuðu. Engar spurningar eða umræður voru leyfðar. Fyrirlestrarnir voru útpýnt útgáfa af byrjunarnámsefni lækna. Læknarnir litu oft á hjúkrunarnemana sem aðstoðarmenn sína og fannst Hilda það uppþót fyrir hið leiðinlega starf á deildinni. Þannig hjálpaði hún til við að taka á móti börnum og aðstoðaði við skurðaðgerðir.

Hilda skapaði sér fljótt sérstöðu meðal nemanna. Á fyrstu tveimur árunum áttu þær að læra allar rútnur á spítalanum og læra að fylgja öllum verkferlum. En Hilda gerði ekkert bara eftir rútnu. Hún þurfti að skilja hvers vegna átti að gera hlutina á ákveðinn hátt. Hún vildi fá heildarmyndina og fór að prófa kenningar í leit að þekkingu. Hún var uppfull af spurningum og forvitni sem ekki var til síðs árið 1928. Þetta varð til þess að samnemendur hennar litu hana hornauga og kennurum þótti þessi forvitni og fróðleiksfýsn óþægileg. Henni var bannað að spyrja læknana en þegar eitt sinn kom utanaðkomandi fyrirlesari að kenna, spurði hún hann hvað væri það mikilvægasta sem hjúkrunarkona gæti gert fyrir sjúkling. Svarið var: „Sittu við rúmstokk hans, hlustaðu á hann og reyndu að skilja hann.“ Þessu svari gleymdi Hilda aldrei og á þessu byggðist starf hennar sem frumkvöðuls í geðhjúkrun.

Hilda útskrifaðist sem hjúkrunarkona

árið 1931. Hún vann fyrstu árin við einkahjúkrun í Reading og Pottstown. Einkahjúkrun var á þessum tíma helsta starfssvið hjúkrunarkvenna eftir útskrift, þar sem spítalarnir voru mannaðir með nemum.

## Straumhvörf í hjúkrun

Hugur Hildu stefndi alltaf til New



Peplau hefur verið kölluð „móðir geðhjúkrunarinnar.“ Myndin er af geðdeild Landspítalans.

York og árið 1936 sótti hún um starf á Mount Sinai spítalanum þar í borg og fékk það. Hún var alsæl í stórborginni, drakk í sig menninguna og sótti heimspekinámskeið og aðra fyrirlestra. Hún kynntist sálfræðinni og laumaði sér inn í tíma í því fagi. Hún gerði sér enn ekki grein fyrir því að hún ætti möguleika á að fara í háskóla, hélt að eina viðbótar-menntunin sem hún ætti völ á væri sú að lesa sér til og sækja fría fyrirlestra.

Hilda bauðst svo óvænt staða við nýja Bennington stúlkna háskólann í Vermont, í heilsugæslu skólans. Eftir að hafa starfað sem skólahjúkrunarkona um hríð bauðst henni að stunda nám við skólann án þess að borga skólagjöld. Í náminu stefndi hugur hennar æ meira inn á brautir sálfræðinnar. Svo fór að hún lauk BA gráðu í sálfræði árið 1943.

Síðar lauk hún lauk meistaranámi í geðhjúkrun árið 1947 og doktorsnámi í kennslufræðum árið 1953.

Hildegard Peplau skrifaði þrjár bækur og nokkra bókakafla, auk fjölda greina í

*Meðferðarsambandið er í mínum huga frábært verkfæri*

tímarit. Fyrstu bók sína „Interpersonal Relations in Nursing“ lauk hún við að skrifa árið 1948. Það tók hana þó fjögur ár að fá hana útgefna. Það þótti of byltingarkennt að hjúkrunarkona skrifaði bók, án þess að hafa lækni sem meðrithöfund.

Bókin olli straumhvörfum í hjúkrun, með henni breyttist hjúkrun úr því

að vera atvinna í að verða fullmótuð faggrein.

Í þessari bók setur hún fram kenningar sínar um meðferðarsambandið í hjúkrun. Hún byggir á kenningum geðlæknisins Harry Stack Sullivan, en hún hafði í námi sínu kynnst honum og kenningum hans og höfðu þær mikil áhrif á hana.

## Meðferðarsambandið

*Hvað er meðferðarsamband og hvernig er það byggt upp?*

Meðferðarsamband er sambandið sem myndast milli sjúklinga og hjúkrunarfólks. Gott meðferðarsamband er ekki sjálfgefið, það þarf að byggja það upp.

Hæfileikinn til að mynda meðferðarsamband við sjúklinga er ein mikilvægasta færni sem hjúkrunarfólk getur þróað með sér. Þessi hæfileiki er mikilvægur í allri hjúkrun, þó sér í lagi hjúkrun sjúklinga með geðræn vandamál. Þar er þetta talið vera lykilatriði í því að árangur af meðferð náist.

Margir þættir hafa áhrif á meðferðarsambandið og það er í okkar verkahring að byggja þá upp:

**Traust.** Meðferðarsambandið byggir á trausti. Það byggist upp við það að sjúklingurinn finni að hann geti trúað og treyst orðum og gerðum starfsmannsins.

Þetta er hægt að gera með því að sýna umhyggju, áhuga, skilning, staðfestu, einlægni, að halda loforð, og að hlusta á sjúklinginn. Þetta er grundvöllur þess að skjólstaðingurinn geti tekið við aðstoðinni sem í boði er.

**Áhugi.** Til að sjúklingurinn upplifi að starfsmaðurinn sýni honum sannan áhuga, þarf starfsmaðurinn að vera sáttur við sjálfan sig og þekkja styrk sinn og veikleika. Sjúklingar geta verið næmir á hvort starfsmaðurinn er einlægur eða hvort framkoma hans er yfirborðskennnd.

**Samhygd.** Það er hæfileikinn til að geta sett sig í spor sjúklingsins (og aftur í sín eigin spor).

**Staðfesta.** Að láta ekki neikvæða hegðun sjúklingsins hafa áhrif á okkur þannig að við dæmum hann út frá því.

**Jákvæð hliðsjón.** Þegar starfsmaðurinn lítur á sjúklinginn sem einstaka, virðingarverða mannveru þrátt fyrir hegðun hans, bakgrunn eða líferni.

**Sjálfsþekking og notkun eigin sjálfs í meðferðinni.** Áður en við getum skilið aðra, verðum við fyrst að skilja okkur sjálf. Okkar eigin gildismat, hugsanir, trú, tilfinningar, viðhorf, hvatningu, fyrirvara, styrkleika og veikleika. Þessa þekkingu okkar getum við svo notað í samskiptum okkar við sjúklinginn til að hjálpa honum að vaxa og til að forðast að einskorða valmöguleika hans við okkar gildismat.

## Fjögur stig sambandsins

Peplau skipti myndun meðferðarsambandsins í fjögur stig:

1. **Áttun:** markmiðið er að þarfir sjúklings séu skilgreindar, hann spyrji spurninga, venjur og væntingar séu útskýrðar, sjúklingurinn byggir sig upp til að takast á við vandamál og að sjúklingurinn taki fullan þátt í samvinnunni.

2. **Samsömun:** Markmiðið er að sjúklingurinn bregðist við fólki sem hann upplifir sem hjálpsamt, að styrkur hans aukist og hann tjái tilfinningar og að hlutverk bæði sjúklings og starfsmanns séu skýrð.

3. **Full þjónustunýting:** Markmiðið er að sjúklingurinn nýti sér til fulls þá þjónustu sem er í boði, að hann setji sér markmið og að hegðun hans sveiflist milli sjálfstæðis og ósjálfstæðis.

4. **Lausn:** Markmiðið er að sjúklingurinn láti af ósjálfstæðri hegðun, að hann þurfi ekki lengur þjónustu og hafi öðlast styrk til að fullnægja þörfum sínum og setja sér ný markmið.



Markmiðið er að sjúklingurinn bregðist við fólki sem hann upplifir sem hjálpsamt.

Meðferðarsambandið hefur sannað sig best í langtímameðferð. Því miður virðist það vera svo að styttri innlagnir og auknar tilvísanir í samfélagsmeðferðir skili sér í mikilli aukningu á styttri meðferðum, minni sálfræðipjónustu og tiltölulega takmörkuðum tíma fyrir samskipti milli sjúklinga og hjúkrunarfólks.

Hjúkrunarfolk þarf að gæta sín á því að verða ekki of tengt sjúklingnum sem

*Meðferðarsambandið hefur sannað sig best í langtímameðferð*

persónu, þannig að meðferðarmarkmiðin falli í skuggann.

Einnig geta þessi nánú gagnkvæmu samskipti valdið togstreitu þar sem almennt viðhorf hjúkrunarfólks er að forðast beri svona náíð samband við sjúklingana. Það er ekki talið bera vott um fagmennsku. Einnig er talið að það geti haft áhrif á greiningu, val á meðferð og verklagsreglur.

## Áhrif Hildegard Peplau í dag

Eins og fyrr segir ollu kenningar Peplau straumhvörfum í hjúkrun og taldar skipta sköpum í hjúkrun geðsjúkra, enda hefur hún verið nefnd „Móðir geðhjúkrunarinnar.“ Meðferðarsambandið er þó ekki síður mikilvægt í annarri hjúkrun og sem dæmi má nefna að í rannsókn sem Sólborg Sumarliðadóttir gerði árið 2008, sem lokaverkefni til meistaraáráðu í hjúkrunarfræði, og unnin var með skjólstaðingum heimahjúkrunar, kom fram að meðferðarsamband myndaðist oftast milli hjúkrunarfólks, skjólstaðings og aðstandenda.

Það stemmir vel við mína upplifun af starfi í heimahjúkrun, helsta vandamálið er tímaskortur.

Ævisaga Hildegard Peplau er frábær lesning. Lífshlaup þessarar konu sem var komin af fátækum og ómenntuðum foreldrum, og barðist til æðstu virðingar í heimi fræðimanna, við ótrúlegar aðstæður, er ekki hægt að rekja í svo stuttri ritgerð sem þessari. Kenningar hennar eru í dag virtar um allan heim og meðferðarsambandið er í mínum huga frábært verkfæri í höndum þeirra sem áhuga hafa og nennu, til að vinna á þennan hátt.

## Heimildaskrá

Callaway, B. J. 2002. Hildegard Peplau: Psychiatric Nurse of the Century. New York: Springer.

Forchuk, C. (e.d.). Hildegard Peplau Nursing Theorist Homepage. Sótt 10. apríl 2014 af <http://publish.uwo.ca/~c-forchuk/peplau/peplau.html>

Sólborg Sumarliðadóttir. (2008) Að eldast heima: Hvaða aðstoð og aðstæður þurfa að vera til staðar. Lokaverkefni til meistaraáráðu í hjúkrunarfræði. Háskóli Íslands, Hjúkrunarfræðideild.

Videbeck, S.L. (2011). Psychiatric-Mental Health Nursing (5. útgáfa). Philadelphia: Walters Kluwer – Lippincott Williams & Wilkins



Kappklæddir sjúkraliðar leggja á brattann í Kerlingarfjöllum.

## Ferð deildanna í Kerlingarfjöll

# Frábær stemming

Í september bauð Suðurlandsdeild, Suðurnesjadeild, Reykjavíkudeild og Vesturlandsdeild til haustferðar í Kerlingarfjöll. Í ferðina mættu um 100 sjúkraliðar og var stemmingin einstaklega góð í hópnum þrátt fyrir ekki neitt spennandi veður.

Ferðin hófst með mætingu á BSÍ kl. 8.00 þar sem Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður SLFÍ og Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri SLFÍ komu og héldu kjaramála- og samstöðufund í rútunum þar sem þarna voru um 100 sjúkraliðar á leið í dagsferð og gátu ekki farið á samstöðufundinn sem var seinna sama dag. Ferðin lá síðan á Selfoss þar sem sjúkraliðar úr Suðurlandsdeildinni slógust með í förina. Eftir að hafa stoppað aðeins við Gullfoss var haldið af stað inn á hálendið í átt að Kerlingarfjöllum.

### Náttúruperla

Kerlingarfjöll eru ein af náttúruperlum landsins. Þar fara saman stórkostlegt landslag, fjölbreytt og fróðleg jarðfræði og síðast en ekki síst samspil jökla og jarðhita, gróðurs og gróðurleysis og ótrúleg litadýrð. Öllu þessu gleymir enginn sem upplifir fagran dag í þessari einstöku náttúruperlu. Fara þar saman stórkostlegt landslag og ótrúleg litadýrð. Fagrir dagar í Kerlingarfjöllum gleymast seint.

Í ferðaáætlun var áætlað að stoppa við Fossrófulæk og fá sér hressingu og fróðleik en þar sem veðrið var leiðinlegt rok og rigning var hætt við það og keyrt áfram upp í fjöll. Stoppað var á einum stað á leiðinni upp úr, en það var við vörðu sem er við veginn því allir sem fara þarna um eiga að setja einn stein í vörðuna það er talið vera heilla merki að allir

myndu koma heilir til baka af fjalli.

Þegar í Kerlingarfjöll var komið þá var gengið inn í skála og fengið sér hressingu og að henni lokinni var aðeins farið að sjá til sólar en hvasst var ennþá. Farið var nú með rútunum upp í fjall þar sem gangan hófst þrátt fyrir að ennþá væri hvasst, rigning og haglé. Ákveðið var að fara eina mjög stutta gönguferð niður í Hveradali og með rútunni til baka og eina langa göngu frá Hveradölum og til baka í skálann, en sú ganga tók um 3 klukkustundir.

### Grillveisla

Að göngu lokinni var slegið til veislu og var boðið upp á grillkjöt og meðlæti. Eftir matinn var slegið upp nokkurskonar kvöldvöku. Hans fararstjóri var búinn að gera texta við lagið Waltzing Mathilda þar sem hann var heimfærður yfir á sjúkraliða og var hann sunginn við undirspil Vallyjar sjúkraliða. Á kvöldvökunni þökkðu formenn deildanna sem stóðu að ferðinni fyrir góða mætingu og skemmtilega ferð og tóku jafnframt áskorun um að endurtaka þetta árið 2016 og var ákveðið að fara þá um Snæfellsnesið.

Að kvöldvöku lokinni var haldið heim á leið um kl. 21:30 og komið í bæinn um miðnætti.

Sá leiðinlegi atburður varð í ferðinni að einn sjúkraliði meiddist en hún fauk í vindhviðu á járnstöng, og var flutt í bæinn seinna um kvöldið. Stjórn Reykjavíkureildar sendi henni blóm og konfekt með óskum um góðan bata. Hún er á góðum batavegi eftir slysið.

*Jóhanna Traustadóttir formaður Reykjavíkureildar.*



Eftir göngurnar var slegið upp veislu og boðið upp á grillkjöt og meðlæti.

Ársskýrsla Austurlandsdeildar 2014-2015

# Fundað um stöðu sjúkraliða á HSA

Aðalfundur Austurlandsdeildar sjúkraliða var haldinn á Fáskrúðsfirði miðvikudaginn 21. október og var vel mætt á fundinn. Byrjað var á að skoða Franska spítalann og hlustað á sögur af frönskum sjómönnum við strendur Íslands og áhrif þeirra á bæjarfélagið. Þar var einnig franska safnið skoðað undir leiðsögn Berglindar Óskar Agnarsdóttur og var sú heimsókn einstaklega fræðandi og skemmtileg.

Nýr fundarstjóri var kosinn sem að þessu sinni var Soffía Sigbjörnsdóttir. Stefanía Stefánsdóttir, formaður deildarinnar, setti fundinn og fór í grófum atriðum yfir starf sitt fyrir hönd félagsins á síðasta ári. Þar sagði hann frá Evrópuþegi sjúkraliða sem var 26. nóvember 2014. Boðið var uppá blóðþrýstingsmælingar og bakkelsi á ýmsum stöðum í fjórðungnum og heppnaðist það mjög vel.

Kristín formaður og Gunnar Örn framkvæmdarstjóri komu í janúar og héldu fund með sjúkraliðum fyrst á Neskaupstað og síðar sama dag á Egilsstöðum. Rædd voru ýmis mál sem sjúkraliðum lá á hjarta. Í febrúar fór formaður Austurlandsdeildar, Ásta Hjaltadóttir trúnaðarmaður á Egilsstöðum og Helga Sveinsdóttir trúnaðarmaður á Neskaupstað suður á fund með Kristínu og Gunnari og fulltrúa fjármálaráðuneytis. Á þeim fundi var meðal annars farið yfir stöðu sjúkraliða á HSA, lengd vakta og aðferðafræði við breytingar á störfum ásamt fleirum atriðum.

Í mars átti að vera fjarfundafraeðsla á vegum deildar sjúkraliða með sérnám sem þó misfórst vegna bilunar í fjarfundarbúnaði.

Tveir sjúkraliðar útskrifuðust frá Verkmenntaskóla Austurlands.

## Vorfagnaður deildarinnar

Vorfagnaður sjúkraliða var haldinn í júní og ákvað stjórnin að breyta til og gera sér glaðan dag þar sem byrjað var á því að skoða nýja hjúkrunarheimilið Hulduhlíð á Eskifirði. Þar fengu gestir frábærar móttökur og kunnum



Eftir aðalfundarstörf var sest að snæðingi.

við þakkar fyrir það. Því næst var haldið á Neskaupstað þar sem Helga og Soffía tóku á móti hópnum og buðu í skoðunarferð um Fjórðungssjúkrahúsið. Eftir skoðunarferðina var farið í léttu göngu út að vita. Að lokum var farið í súpu, brauð og salat á hótél Hildebrand þar sem spjallað var um kjaramál og fleira. Mæting var góð og fólk ánægt með daginn.

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir kom austur á vegum SFLÍ í október og ræddi verkfall sjúkraliða. Þetta var mikill og góður fundur og í framhaldinu samin ályktun frá sjúkraliðum á Austurlandi sem send var í fjölmiðla.

Formaður sagði frá því að sjúkraliðar á Höfn í Hornafirði hefðu óskað eftir því að flytja sig úr Austurlandsdeildinni yfir í Suðurlandsdeild sjúkraliða. Ástæðan er sú að HSSA hefur verið sameinuð HSU.

Formaðurinn fór á tvo félagsstjórnarfundum SLFÍ, trúnaðarmannafund og Fulltrúaþing á árinu. Stjórnin hélt fimm stjórnarfundum og einn trúnaðarmannafund.



Sjúkraliðar á Austurlandi í vorferð á Norðfirði.

## Kosningar

Formaður Austurlandsdeildar Stefanía Stefánsdóttir, Margræti Sigbjörnsdóttir gjaldkeri og Jóhanna Pálsdóttir ritara gáfu kost á sér til endurkjörs var það samþykkt.

Úr stjórn fóru Bergrún Hafsteinsdóttir og Inga Aðalsteinsdóttir en í þeirra stað voru kosnar Ragnhildur Billa Árnadóttir og Björk Sigbjörnsdóttir.

Kosið var á Fulltrúaþing SLFÍ samkvæmt 18. gr. laga félagsins, Stefanía Stefánsdóttir var kosin og Jóhanna Pálsdóttir varamaður.

Lagðir voru fram og yfirfarnir allir reikningar félagsins þar sem spurningum var skilmerkilega svarað af gjaldkera. Allir reikningar voru samþykktir.

Mættar voru 25 sjúkraliðar.

Fundi var svo slitið og boðið uppá kvöldverð að hætti Fosshótelins á Fáskrúðsfirði og var þetta einstaklega velheppnað og skemmtilegt kvöld.



Ársskýrsla Deildar sjúkraliða á Norðurlandi Eystra

# Félagsdómur féll sjúkraliðum í vil

Á síðasta aðalfundi deildarinnar voru kosnar í stjórn Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir formaður, Guðrún Ásdís Ásmundsdóttir gjaldkeri, Marín Jónsdóttir ritari, Eva Karlotta Einarsdóttir meðstjórnandi og Freydís Anna Ingvarsdóttir varaformaður. Til vara: Kristín Helga Stefánsdóttir og Bryndís Lilja Friðriksdóttir.

Í skýrslu formanns á aðalfundinum, sem haldinn var á Hlíð 19. október síðastliðinn, kom meðal annars eftirfarandi fram um starfseminu á liðnu starfsári stjórnarinnar:

Stjórnin hefur haft nokkra stjórnarfundu á þessu ári og Facebook og Email samskipti.

Evrópudagur sjúkraliða 26. nóvember; það var rætt á aðalfundinum að sjúkraliðar tækju með sér köku í vinnu og brostu framan í vinnufélagana sérstaklega þennan dag.

Þann 20. desember færði deildin 11 nýút-skriðuðum sjúkraliðum rós og plagg frá Sjúkraliðafélaginu.

Fyrirhugað var í janúar að halda nýársteiti en eftir samantekt á kostnaði þá hættum við alveg við þær áætlanir.

## Margvísleg fundarhöld

Í febrúar hittu ég trúnaðarmenn á Öldrunarheimilinu Hlíð, þar sem farið var yfir stöðuna þar sem Akureyrarbær fór ekki eftir nýjum kjarasamningi og neitaði að borga sjúkraliðum laun samkvæmt honum. Málið fór fyrir Félagsdóm og Akureyrarbær var dæmdur til að borga sjúkraliðum laun samkvæmt kjarasamningi.

Við höldum við stjórnarfund í febrúar þar sem við plönuðum fyrirlestra og annað.

Í mars höldum við svo til Húsavíkur þar sem við stóðum fyrir fyrirlestri með Ásgeiri Böðvarssyni meltingarfærasérfræðingi og þar var mjög vel mætt af Húsvíkungum og mjög góður fyrirlestur.

Ég fór á Félagstjórnarfund til Reykjavíkur í mars þar sem farið var yfir undirbúning fyrir Fulltrúaþingið og kjaramál rædd.

13. apríl höldum við trúnaðarmannfund þar sem við bárum saman bækur okkar.



Trúnaðarmenn DSNE ræða stöðu kjaramálanna.

Félagsfundur var haldinn 13. apríl. Þar mættu Kristín formaður og Gunnar Örn framkvæmdastjóri frá Sjúkraliðafélaginu.

Einnig fóru Kristín Helga og Freydís Anna með Birnu Ólafsdóttur úr fræðslunefnd SLFÍ í Verkmenntaskólann til að kynna félagið fyrir sjúkraliðanemum og þar var vel tekið á móti þeim.

Fulltrúaþing félagsins var haldið í félagsaðstöðunni við Grensásveg. Fulltrúar frá okkar deild voru Kristín Helga, Guðrún Ásdís og Freydís Anna. Hafdís mætti sem fulltrúi kjörstjórnar, Anna Lilja sem ritari fundarins og Marín sem forseti þingsins.

## Fundað um kjaramálin

14. september fór ég með Kristínu og Gunnari á Húsavík í von um að gera stofnana-samning við HSN sem er Heilbrigðisstofnun Norðurlands, en ekki náðist að klára þann samning. Einnig höldum við fund með sjúkraliðum á Húsavík þar sem farið var yfir kjaramálin. Seinna um daginn höldum við fund með sjúkraliðum á Akureyri um kjaramálin og greinilegt að það var hiti í fólki.

17. september höldum við stjórnarfund þar

sem aðalfundur var undirbúinn og rætt um næsta ár.

29. september fór fram atkvæðagreiðsla um verkfall ríkistarfsmanna sem var samþykkt.

14. október var trúnaðarmannaráðsfundur fyrir sunnan þar sem verkfallsaðgerðir voru kynntar.

Sama dag var einnig starfsnefndarfundur þar sem starfsnefndirnar hittust og skiptu með sér hlutverkum innan nefndanna.

15. október fórum við niður á Austurvöll og hlýddum á ávörp formanna þriggja, SLFÍ, SFR og LL, en höldum síðan félagsstjórnarfund sem var með öðru sniði en áætlað var þar sem Kristín og Gunnar voru í miðjum klíðum á samninganefndarfundum, en þar var stuttlega farið yfir verkfallsaðgerðir.

Á næsta ár verður félagið 50 ára þann 21. nóvember og gaman ef við myndum fjölmenna á þann viðburð. Í maí verður einnig EPN stefna (Evrópusamband sjúkraliða) og þangað væri einnig gaman að fjölmenna.

Ég tek að lokum undir orð Kristínar formanns á Austurvelli: Samtaða er afl sem ekkert fær staðist.



Sjúkraliðar á fyrirlestri á Húsavík með Ásgeiri Böðvarssyni.

Ársskýrsla Sjúkraliðadeildar Norðurlands vestra

# Stjórn deildarinnar einróma endurkjörin

Aðalfundur Sjúkraliðadeildarinnar á Norðurlandi vestra var haldinn í Gott í gogginn á Sauðárkróki fimmtudaginn 5. nóvember 2015. Mættar voru 16 konur.

Guðrún Elín Björnsdóttir formaður deildarinnar bauð alla velkomna og var fundarstjóri kosinn Svala Guðmundsdóttir og Sigurlaug Maronsdóttir ritari á fundinum því ritari stjórnar forfallaðist.

Skýrsla formanns sagði frá síðasta ári hjá sér sem formanni og stjórninni.

Gjaldkeri lagði fram reikninga sem farið var yfir og þeir samþykktir lögð fram fjárhagsáætlun og var hún samþykkt. Rætt um árgjöld og hvað er gert við andlát félaga í deildinni. Samþykkt að deildin mundi senda blóm eða eitthvað annað þegar um andlát væri að ræða.

Stjórnin var einróma endurkjörin: Guðrún Elín Björnsdóttir formaður, Sigurlaug Dóra Ingimundardóttir varaformaður, Stefanía Jónsdóttir gjaldkeri, Geirlaug Ingibjörg Jónsdóttir ritari, Albert Stefánsson meðstjórnandi og Birna Lúkasdóttir skoðunarmaður reikninga. Guðrún Elín Björnsdóttir og Sigurlaug Maronsdóttir voru kjörnar sem fulltrúar deildarinnar til setu á Fulltrúaþing SLFÍ.

## Fundir og skemmtanir

Í skýrslu formanns kom meðal annars eftirfarandi fram:

26 nóvember 2014 var Evrópudagur sjúkraliða og í tilefni dagsins var boðið upp á tertu fyrir samstarfskonur.

Í desember útskrifaðist einn sjúkraliði Svala Guðmundsdóttir frá Fjölbrautarskólanum á Sauðárkróki en hún vinnur á HSN Sauðárkróki og fékk hún rós frá deildinni og lykil að gefandi framtíð frá SLFÍ, en það er skjal sem hver og einn sjúkraliði fær við útskrift.

Í febrúar 2015 var fyrsti félagsstjórnarfundur í Reykjavík sem formaður sótti. Meðal annars sem rætt var á þeim fund var undirbúningur og ályktanir fyrir 24 Fulltrúaþing SLFÍ, ályktun vegna ástandsins í málefnum aldraða, komandi kjarasamningar og vinna við endurskoðun og samræmingu lífeyriskerfa landsmanna.



Aðalfundur deildar sjúkraliða á Norðurlandi vestra.

Þann 5. mars var haldinn félags- og skemmtifundur í Gott í gogginn á Sauðárkróki. Mæting góð, þó svo að ekki væri ferðaveður á Þverárfjallinu og Blönduóskunur kæmust ekki. Formaður sagði okkur frá því að farið væri að undirbúa nýja kjarasamninga og las upp fyrir okkur hvaða kröfur væru eftar á baugi hjá félagsmönnum. Við borðuðum saman og áttum mjög ánægjulega kvöldstund saman með spjalli og hlátri.

Í apríl var boðið upp á námskeið í Öldrunarlyfjafræði, í gegnum fjarfundabúnað á vegum Farskólann á Sauðárkróki og var það vel sótt.

Vinnustaðafundur var haldinn 19. maí á Sauðárkróki klukkan 17:00 en fyrr um daginn fóru trúnaðarmennirnir Guðrún Elín og Sigurlaug Dóra á Húsavík til að heyrja í stjórnendum með nýjan stofnanasamning og fengu þau drög að stofnanasamningi.

Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri



Sjúkraliðar á Norðurlandi vestra í ferð í Hróutey við Blönduós.

SLFÍ fór yfir niðurstöðu Félagsdóms í máli SLFÍ og Akureyrabæjar en sá dómur var fullnaðarsigur sjúkraliða.

Í máli útskrifuðust tveir sjúkraliðar Alma Dröfn Vignisdóttir og Saga Lind Víðisdóttir frá Verkmennaskólanum á Akureyri en þær vinna á HSN Blönduós. Þær fengu rós frá deildinni og lykil að gefandi framtíð frá SLFÍ en það er skjal sem hver og einn sjúkraliði fær við útskrift.

Í maí sótti formaður félagsstjórnarfund þar sem meðal annars var rætt um kjaramálin, og Fulltrúaþing félagsins.

Í sama mánuði var boðið upp á námskeið um krabbameinslyf og alnæmislyf í gegnum fjarfundabúnað á vegum Farskólann á Sauðárkróki og var það vel sótt. Formaður sótti námskeið á Akureyri sem heitir Kulnun í starfi sem var mjög fróðlegt.

## Haustferð

Þann 28 september ákváðu sjúkraliðar á Blönduós að bjóða heim.

Við vorum 10 konur sem stigum upp í rútu frá dvalarheimilinu á Sauðárkróki. Við vorum að fara út í óvissuna þar sem við vissum ekki neitt hvað gera átti nema að við áttum að vera mættar á bílplanið við Hróutey. Þegar þangað var komið biðu eftir okkur 7 konur með regnslár því það hellirigndi, þær tjáðu okkur að við myndum byrja á því að ganga aðeins yfir í Hróutey, ekki eins langt og þær höfðu

fyrirhugað (vegna rigningar) en þangað hafði engin af okkur skagfirsku konum komið. Við vorum allar á því að þangað ættum við eftir að fara í góðu sumarveðri því þarna er hreinasta paradís.

Við röltum aftur í rútuna og ferðanefndin kom með okkur því það er svo miklu skemmtilegra að vera saman heldur en í mörgum bílum. Ein úr ferðanefndinni hvíslaði að bílstjóranum hvert skyldi halda. Við keyrðum í gegnum Blönduós og enduðum á sveitabæ sem heitir Hólabak en þar er starfrækt fyrirtæki sem heitir Lagður og framleiðir púðaver með ljósmyndum úr náttúrunni aðalleg þeirri íslensku, einnig eru framleiddar svuntur og sitthvað fleira er í farvatninu sem ekki var gefið upp. Þetta er virkilega flottar og fallegar vörur.

Aftur var stigið upp í rútu og farið til baka á Blönduós og í fyrirtækið VILKO en þar tók á móti okkur framkvæmdastjórinn. Hann fór með okkur í gegnum fyrirtækið og sagði okkur frá framleiðslu þeirra.

Enn fórum við upp í rútu og enduðum við veitingastaðinn Kiljan þar sem við borðuðum saman léttan kvöldverð og spjölluðum.

Takk Blönduóskonur fyrir frábæran dag.

## Kjaramálin

Í október var haldin Trúnaðarmannaráðsfundur sem formaður og varaformaður sóttu en þær eru einnig trúnaðarmenn hjá HSN á Sauðárkróki. Þar var rætt um verkfallvörslu og samninga við ríkið. Félagsstjórnarfundur félagsins var einnig í sama mánuði en þar var rætt um Sjúkraliðatalið og 50 ára afmæli SLFÍ sem verður 21. nóvember 2016 og eru deildirnar beðnar að koma með einhverjar hugmyndir um hvað væri hægt að hafa og gera í tilefni dagsins.

Í sama mánuði fóru Kristín og Gunnar á fund á Húsavík með stjórnendum HSN, þar sem stofnasamningur var ræddur, en hann er enn í bið.

Þann 28–30. október sótti formaður og varaformaður þing BSRB sem haldið var á Hótel Hilton en það var mjög fræðandi og skemmtilegt.

Á þessu ári voru einungis haldnir 2 stjórnarfundir en við í stjórninni erum duglegar að nota símann og Facebookina. Ekki hefur okkur tekist að gera allt sem við áætluðum á árinu samkvæmt viðburðadagatali en tíminn hefur flogið frá okkur.

Önnur mál voru rædd á aðalfundinum, m.a. um verkfallsjóð, kjarasamninginn, mönnun á stofnunum, tilnefningu á fyrirmyndarstjórnanda og fleira.

Samstaða er afl sem ekkert fær staðist.



Svipmynd frá aðalfundi Vesturlandsdeildar.

# Ársskýrsla Vesturlandsdeildar sjúkraliða Flottur aðalfundur

**Aðalfundur Vesturlandsdeildar var haldinn í Munaðarnesi 4. nóvember síðastliðinn. Þangað mættu 58 sjúkraliðar og var salurinn rosalega flottur. Boðið var upp á var kalkúnabringu með Waldorfsalati og sætum kartöflum og súkkulaðikaka og kaffi á eftir, alveg æðislegur. Við getur alveg mælt með Munaðarnesi sem veitingastað og fundarstað, segir Guðbjörg Sólveig Sigurðardóttir, formaður deildarinnar.**

Á aðalfundinum fengum við fallett söngerindi frá Guðríði Ringsted sem hét „húsmóðir, hjúkrunarfræðingur og jógakennari“ og fékk hún okkur til að líta inn á við og hugleiða og söng fyrir okkur falleg lög og tóna. Með henni spilaði á gítar Gunnar Ringsted pabbi hennar og tónlistarmaður og tónmenntakennari.

## Ný stjórn í fyrra

Í skýrslu formanns til aðalfundarins kom meðal annars eftirfarandi fram um starfsemi deildarinnar áliðnu starfsári:

Fyrir ári síðan í Englendingavík eða 9. október var kosin alveg ný stjórn fyrir Vesturlandsdeildina; Guðbjörg Sólveig Sigurðardóttir formaður, Sigríður Helga Skúladóttir gjaldkeri, Sandra Dögg Björnsdóttir ritari og Rakel Bryndís Gísladóttir og Guðlín Erla Kristjánsdóttir meðstjórnendur.

Þessi stjórn tók svo formlega við pappírnum og bókhaldi á fundi með fráfarandi stjórn þann 10. nóvember 2014.

## Margvíslegir fundir

Ég sem formaður sit í félagsstjórn SLFÍ og eru haldnir nokkrir fundir á hverju ári. Fyrsti

fundur minn með félagsstjórninni í Reykjavík, þar sem ég fór sem gestur með Erlu Lindu fráfarandi formanni, var þann 16. október 2014. Aðrir félagsstjórnarfundir á árinu hafa verið þann 12. febrúar, 21. maí og 15. október.

Trúnaðarmannafundir hjá SLFÍ hafa verið tveir þann 13. febrúar, en á hann mættu 5 fulltrúar, og 14. október þar sem mættu 7 fulltrúar.

Síðan var aðalfundur SLFÍ þann 22. maí þar sem við áttum 2 fulltrúa, sem voru Guðbjörg formaður og Sigríður gjaldkeri.

Átta stjórnarfundir hjá Vesturlandsdeild hafa verið haldnir á þessu starfsári. Formaður deildarinnar sat þriggja daga BSRB þing í október.

Alþjóða sjúkraliðadagurinn var 26. nóvember. Sjúkraliðar á Vesturlandi mættu með veitingar og/eða nammi handa vinnufélögum sínum. Þennan dag héldu sjúkraliðar í Borgarnesi jólafund heima hjá formanninum og þemað var jólapeysur.

Deildin var með jólafundi á tveimur öðrum stöðum, á Akranesi í mótuneyti HVEAkranesi og svo var fundur haldinn í heimahúsi á Hvammstanga.

Vesturlandsdeildin tók þátt í haustferð með Reykjavíkurdæld, Suðurnesjaldeld og Suðurlandsdeild. Farið var í Kerlingarfjöll og voru 6 fulltrúar frá Vesturlandsdeild. Það fóru alls 98 manns í þessa ferð.

Nú undanfarið hefur verið verkfall hjá sjúkraliðum hjá ríkinu, en samið var 28 október. Á aðalfundinum fengum við kynningu á samningunum hjá Gunnari framkvæmdastjóra og Kristínu formanni Sjúkraliðafélagsins.



Sjúkraliðafélag  
Íslands

# Vorleiga orlofshúsa og íbúða SLFÍ 2016

Félagsmenn eiga kost á leigu 6 orlofshúsa innanlands, tveggja íbúða í Reykjavík, íbúðar á Akureyri og í Kaupmannahöfn.

2. desember kl. 13 verður opnað fyrir bókanir innanlands tímabilið 5. janúar til 13. maí 2016.

## Verð:

- Vikuleiga frá föstudegi til föstudags 20.000 krónur
- Helgarleiga frá föstudegi til mánudags 13.000 krónur
- Virkir dagar 3.000 krónur
- Páskar 23. mars til 30. mars 2016 20.000 krónur

Leiga um páska kostar fimm orlofspunkta.

## Gistimiðar á hótélum

### Fosshótel

Gistimiðar á Fosshótelin kosta 8000.- kr. nóttin í tveggja manna herbergi á eftirtalin hótél í Reykjavík: Fosshótel Lind og Fosshótel Baron.


Auk þessara hótela gilda miðarnir á: Fosshótel Reykholt Borgarfirði, Fosshótel Húsavík og Fosshótel Skaftafell. Morgunverður er innifalinn í verði.

## Bókanir

Félagsmenn bóka sjálfir og ganga frá greiðslu í gegnum orlofsvef slfi.is. Þegar því er lokið fá þeir kvittun og leigusamning sendan á það netfang sem skráð var við bókunina. Þeir sem einhverja hluta vegna hafa ekki tók á að bóka sjálfir geta haft samband við skrifstofu SLFÍ og fengið aðstoð. Símar á skrifstofunni eru 553 9493 og 553 9494.

## Leiga á sængurfatnaði

Leigutökum íbúðanna í Reykjavík er boðið að leigja sængurfatnað og handklæði á 1.700 krónur settið.



Kiðjaberg - Sumarhús

Kiðjaberg í Grimsnesi á Suðurlandi. Í húsunum eru 3 svefnherbergi, rúm og sængur fyrir 8 manns, auk tveggja lausra dýna. Umhverfis húsin er verönd með rafhituðum potti fyrir 4 - 6. Áhugaverður staður fyrir útivistarfólk og golfáhugamenn. Golfvöllurinn að Kiðjabergi er 18 holur þar geta leigjendur spilað fritt.



Munaðarnes - Sumarhús

Orlofshúsið Munaðarnesi í Borgarfirði er um 52 fermetrar að stærð. Í bústaðnum eru þrjú svefnherbergi, svefnpláss fyrir sjö, tvo í hjónaherbergi, þrjá í svefnherbergi og tvo í koju í barnaherbergi. Í húsinu eru tvær aukadýnur, sængur og koddar fyrir 8 manns. Stór verönd með heitum potti er við húsið.



Fellsmúli 16 - Íbúð í Reykjavík

Íbúðin að Fellsmúla er þriggja herbergja í næsta nágrenni við skrifstofu félagsins. Íbúðin er búin helstu þægindum. Svefnaðstaða er fyrir 7-9 manns, þar af fyrir tvo á dýnum. Fellsmúlinn er vel staðsettur, örstutt í strætisvagna við Grensásveg. Verlanir í Skeifunni og Kringlunni eru í göngufæri og stutt að sækja útivistarsvæði Reykvikinga í Laugardalnum heim.



Safamýri 36 - Íbúð í Reykjavík

Sjúkraliðafélag Íslands hefur fest kaup á tveggja herbergja íbúð að Safamýri 36 í Reykjavík og verður hún fljótlega tilbúin til útleigu til félagsmanna. Nýja íbúðin er á jarðhæð skammt frá íbúð félagsins við Fellsmúla og í göngufæri við Kringluna. Þar er björt stofa, rúmgott svefnherbergi með fataskáp og flisalagt eldhús og baðherbergi. Sameiginlegt þvottahús er við hlið íbúðarinnar.



Sigurhæð - Sumarhús

Sigurhæð er í landi Úthlíðar í Biskupstungum 15 kílómetra fyrir austan Laugarvatn. Bústaðurinn er heilsárskúli með 3 svefnherbergjum. Rúm og sængur eru fyrir 7 manns, auk tveggja lausra dýna. Umhverfis bústaðinn er verönd með heitum potti. Í næsta nágrenni eru skemmtilegar gönguleiðir, stutt í þjónustu og marga áhugaverða staði svo sem Laugarvatn, Geysi, Gullfoss, Skálholt, Flúðir og fjölmargt annað.



Eiðar - Sumarhús

Orlofshúsið að Eiðum er 54 fermetrar. Í húsinu eru 3 svefnherbergi með svefnpláss og sængum fyrir 6 manns, 2 aukadýnur. Öll rúm í húsinu hafa verið endurnýjuð. Frá Eiðum eru 14 km að næsta þéttbýliskjarna, Egilsstöðum.



Hamratúni 26 - íbúð á Akureyri

Íbúðin að Hamratúni er þriggja herbergja 99 fermetra. Íbúðin er á neðri hæð í tvíbýli, svefnpláss er fyrir 6 - 8 manns þar af fyrir 6 í rúmunum með sængum, tvær lausar dýnur fylgja. Á Akureyri er alltaf eitthvað áhugavert um að vera á öllum sviðum mannlífsins.



Orlofshús í Varmahlíð

Sumarhúsið við Reykjarhólsveg 18B í Varmahlíð, Skagafirði, er í nýlegri sumarhúsaþyggð sem er skammt ofan við þorpið, gert úr timburbjálkum á einni hæð. Timburpallur er sunnan og vestan við húsið og setlaug/heitur pottur á pallinum. Í húsinu eru þrjú herbergi og stofa, anddyri og baðherbergi með sturtuklefa. Í stofu eru eldhúskrúkur með vidarinnréttingu. Orlofshúshverfið eru suðvestan í Reykjarhólunum, ofan við Varmahlíð, í skjólsælu og vel grónu umhverfi. Ekið er

upp í Varmahlíð beygt til suðurs við sundlaugina, ekið framhjá menningarhúsinu Miðgarði, beygt til hægri sunnan hússins og ekið upp í brekkuna vestan skógræktarinnar. Orlofshúsin eru í um 10-15 mínútna göngu frá Miðgarði.

## Vinsæl íbúð í Kaupmannahöfn

Mikil aðsókn hefur verið að íbúðinni sem Sjúkraliðafélag Íslands hefur leigt í Kaupmannahöfn, en þessi glæsilega íbúð er á fjórðu hæð í lyftuhúsnæði við C.F. Møllers Allé 34. Leiguverð er óbreytt, það er 11.000 krónur fyrir eina nótt.

Íbúðin er á Amager, rétt hjá Íslandsbryggju, og í góðri tengingu við Kastrupflugvöll. Einnig er mjög auðvelt að taka sporvagninn niður í

miðbæ Kaupmannahafnar. Verslunarmiðstöðin Fields er í göngufæri og Royal Copenhagen Golf Club er við hliðina. Íbúðin er 84 fermetrar að stærð með stórum suðursvölum. Tvö svefnherbergi eru í íbúðinni og í henni er uppþvottavél, þvottavél og þurrkari. Svefnpláss er fyrir 6-7 og eru allir húsmunir/áhöld miðuð við þann fjölda.

Íbúðin er í þessu húsi við C.F. Møllers Allé 34.